

Kirkjuleg lýðræðishreyfing

Lútherskir fríkirkjusöfnuðir á Íslandi fyrir 1915

Þriðja grein

Í þessari rannsókn er litið svo á að fyrsta þróunarskeið trúfrelsis hér á landi hafi náð frá 1874, er stjórnarskrá um sérmál Íslendinga var sett, til stjórnarskrárþreyinga er gerðar voru 1915. Á tímabilinu var einkum um trúarlegt félagafrelsi að ræða en í lok þess var trúfrelsi einstaklinga stórum eftt með þeim umbótum á stjórnarskránni sem þá voru gerðar.¹ Á tímabilinu voru stofnaðir hér níu sjálfstæðir evangelísk-lútherskir fríkirkjusöfnuðir víða um land. Í þessum tilvikum sagði almennt safnaðarfólk sagði sig þá úr Þjóðkirkjunni og kom söfnuðunum á laggirnar til að bæta úr vanda sem það taldi við að etja í starfi Þjóðkirkjunnar í heimahéraði sínu.² Fríkirkjusöfnuðirnir og Þjóðkirkjan voru ólík félagsleg og stofnunarleg fyrirbæri. Þjóðkirkjan var opinber stofnun í nánnum tengslum við ríkisvaldið. Fríkirkjusöfnuðirnir voru á hinn bóginn frjáls félagsamtök. Tilkoma safnaðanna rauf því kirkjulega einingu meðal Þjóðarinnar þótt um sameiginlegan játningagrunn væri að ræða.

Í fyrstu greininni í þessum greinaflokki var leitað hugmyndalegs samnefnara milli safnaðanna er við sögu koma, sem og annars konar skyldleika og tengsla þeirra á milli, en hingað til hefur helst verið litið á þá sem einangruð klofningsbrot. Niðurstaðan af þeirri umfjöllun varð sú að trúarkenningar og helgisiðir hafi vart komið við sögu við stofnun fríkirkjusafnaðanna þegar störfum

¹ Hjalti Hugason, „Þróun trúfrelsis á Íslandi 1874–1915: Umræður og lagarammi“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 55/2021, bls. 20–43, timarit.is, sótt 26. janúar 2023 af

<https://timarit.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/102/138>. — Ég þakka aðstoðarmanni mínum, Áslaugu Guðnýju Unnsteinsdóttur, fyrir vandaða vinnu við söfnun og afritun heimilda í Þjóðskjalasafni Íslands.

² Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing: Lútherskir fríkirkjusöfnuðir á Íslandi fyrir 1915 — Fyrsta grein“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 56/2023, bls. 26–58, timarit.is, sótt 18. nóvember 2023 af

https://timarit.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/120/149?fbclid=IwAR3XYU-qnIyb0wHdHnJV2zyerMxobkXHbRk_VI1FRVGZoc5-z9uP_PigfLs.

Þessum söfnuðum hefur verið lítil gamur gefinn í rannsóknum til þessa. Töluvert hefur á hinn bóginn verið fjallað um fríkirkjusöfnuði sem störfuðu hér á sama tímabili en á öðrum grundvelli en hinum evangelísk-lútherska. Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Fyrsti hluti“, *Saga* 18/1980, bls. 179–224; sami, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Annar hluti — K.F.U.M. og skyld félög“, *Saga* 19/1981, bls. 177–274; sami, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Þriðji hluti — Spíritismi og dultrúarhreyfingin“, *Saga* 22/1984, bls. 93–172; sami, *Með himneskum armi: Hundrað ára saga Hjálpræðisbærsins á Íslandi*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1995; sami, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér 268–277; sami, *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland since 1830*, 3. útg., Reykjavík: [án útg.], 2017, bls. 90–94, 115–122. Söfnuðirnir störfuðu á eftirtöldum stöðum og tíma: Í Reyðarfirði 1883–1928, á Völlum 1892–1925, í Reykjavík frá 1899, í Núpasveit 1900–1901, í Gaulverjabæjarsókn og síðar nágrenni 1909–1916, í Hafnarfirði 1913 og áfram, í Fróðárhreppi 1914–1915, í Fáskrúðsfirði 1914–1915 og í Bolungarvík 1915–1918.

Lárusar Halldórssonar (1851–1908) sleppti en hann var fyrsti prestur fríkirkjusafnaðar í Reyðarfirði og síðar í Reykjavík. Þá var aðskilnaður frá ríkisvaldinu ekki brýnt baráttumál þeirra sem stofnuðu söfnuðina ef ná mætti fram þeim breytingum sem barist var fyrir án klofnings frá þjóðkirkjunni. Þetta er þeim mun athyglisverðara þegar þess er gætt að líflegar umræður stóðu yfir um aðskilnað að heita má allt rannsóknartímabilið og sterkar raddir töluðu fyrir aðskilnaði.³ Af þessum sökum orkar tvímælis að líta svo á að hér hafi verið um að ræða dæmigerða fríkirkjuhreyfingu er rofið hafi trúarlega einingu samfélagsins. Á hinn bóginn var talið réttlæt看legt að líta svo á að átta af þeim níu söfnuðum sem um ræðir hafi verið hluti af óformlegri, kirkjulegri lýðræðishreyfingu þar sem í starfi þeirra komu fram áþekk sjónarmið um valddreifingu í kirkjunni og sjálfsákvörðunarrétt einstakra safnaða í eigin málum.⁴

Stofnun safnaðanna átta sýnir ríka viðleitni almennings til að móta kirkjulegar aðstæður sínar. Um þetta leyti var vissulega hafin lýðræðisvæðing í þjóðkirkjunni sem fólst í aukinni þátttöku safnaða í stjórn eigin mála. Fríkirkjufólk vildi þó sýnilega láta reyna á valdmörk milli safnaða og kirkjustjórnarinnar og knýja þar með lýðræðisþróunina lengra en vilji löggjafans og yfirvalda stóð til.⁵ Vitnar það um þann ríka sjálfræðisvilja sem að baki bjó.

Í annari greininni í flokknum var síðan leitast við að varpa ljósi á fjölpætt samspil hinna ólíku félagskerfa innan „trúarstofnunarinnar“ í landinu, þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaðanna, í því augnamiði að leiða í ljós hve langt trúfrelsi í landinu hafði náð í framkvæmd á þessum tíma.⁶ Með því er átt við hvernig trúfrelsisákvæði stjórnarskrár og laga voru útfærð með stjórnvaldsákvörðunum. Í greininni var sýnt fram á að fyrirnefnd hreyfing náði ekki að verða sjálfstæð gagnvart þjóðkirkjunni og þróast þannig á eigin forsendum. Stafaði það einkum af því að leitað var umsagnar biskups um flest mál sem að söfnuðunum og starfi þeirra lutu án þess þó að litið væri svo á að biskupi bæri tilsjónarvald yfir fríkirkjusöfnuðunum og/eða prestum þeirra.⁷ Þjónaði biskup

³ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 47/2018, bls. 44–71, [ojs.hi.is](https://ojs.hi.is/index.php/ritrodgudfraedistofnunar/issue/view/308), sótt 27. apríl 2024 af <https://ojs.hi.is/index.php/ritrodgudfraedistofnunar/issue/view/308>; sami, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 48/2019, bls. 25–60, [ojs.hi.is](https://ojs.hi.is/index.php/ritrodgudfraedistofnunar/issue/view/317), sótt 27. apríl 2024 af <https://ojs.hi.is/index.php/ritrodgudfraedistofnunar/issue/view/317>.

⁴ Fríkirkjusöfnuður í Núpasveit í N-Þingeyjarsýslu er ekki talinn til lýðræðishreyfingarinnar. Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“. Við ráðningu sína í Reyðarfirði gerði L.H. grein fyrir „[...] hverja tilbreitni hann vildi gjöra um kirkjusíði frá því er tíðast í þjóðkirkjunni“ og fann enginn fundarmanna „[...] ástæðu til þess að hafna honum fyrir þá skuld.“ *ÞÍ. Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 14. Frávik L.H. frá helgisiðum þjóðkirkjunnar voru því fremur umborin en samþykkt af söfnuðinum.

⁵ Sama heimild. — Lárus Halldórsson, sem hér kemur mjög við sögu, var eindregnasti fríkirkjumaður landsins á tímabilinu og síðar. Hann taldi að stofnun fyrsta fríkirkjusafnaðar landsins hefði haft mikil áhrif á lýðræðisvæðingu í þjóðkirkjunni. *Alþingstíðindi* 1891 B, bls. 192. Sjá: Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–195, hér 56–59, 74–76, 78–84 og 87–88. Sjá og: *ÞÍ. Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 1–2.

⁶ Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing: Lútherskir fríkirkjusöfnuðir á Íslandi fyrir 1915 — Önnur grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 57/2023, bls. 3–28, [timarit.hi.is](https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/279/30), sótt 26. apríl 2024 af <https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/279/30>.

⁷ Benda má á dæmi þess að Hallgrímur Sveinsson biskup hafi að eigin frumkvæði haft afskipti af málefnum fríkirkjuforstöðumanns, líkt og hann hefði yfir honum tilsjónarvald. Í árslok 1900 tilkynnti hann t.a.m. landshöfðingi um að grunur léki á að prestur fríkirkjusafnaðarins á Völlum hefði gerst sekur um barneign utan hjónabands. Jafnframt spurðist hann fyrir um hvort kirkjuleg yfirvöld gætu látið brotið óátalið og hvort ekki ætti að gera sömu kröfur varðandi líferni og hegðun fríkirkjupresta og gerðar væru til presta í þjóðkirkjunni. Íslandsmálaráðuneytið staðfesti að svo væri. *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landshöfðingi til ministeriet for Island 18. maí 1901; *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Minis-

Því öðrum þræði sem ráðgjafi stjórnvalda á sviði kirkjumála. Sýnir það hve mjög eimdi eftir af ríkiskirkjufyrirkomulaginu gamla og hlýtur það að hafa orkað tvímælis m.t.t. trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar og laga um utanþjóðkirkjumenn sem sett voru 1886.⁸

Í þessari lokagrein flokksins verður athyglinni beint frá þessu opinbera sviði og að sambúð fríkirkjusafnaðanna og þjóðkirkjunnar í „daglegum“ störfum. Spurt er hvort hún hafi verið friðsamleg eða einkennst af átökum. Fyrst verður vikið að friðsamlegum samskiptum sem komu fram í því að leitast var við að samnýta þær þjargir sem til staðar voru til kirkjustarfs á hverjum stað.⁹ Er þar átt við kirkjur og kirkjugarða en einnig mannafla, þ.e. presta. Síðar verður vikið að árekstrum og deilum sem spunnust milli fyrirbæranna tveggja og sögðu einkum til sín á Austurlandi enda mynduðust fyrstu fríkirkjusöfnuðirnir þar. Auk þess starfaði þar lengi forstöðumaður sem hvorki var prestsmentaður né vígður. Hann hefur því síður verið mótaður af hefðum og venjum sem tíðkuðust í þjóðkirkjunni en flestir hinna forstöðumanna. Hér verður framvinda einstakra mála rakin nokkuð nákvæmlega til að varpa sem skýrustu ljósi á framvindu deilnanna.

Tímabilið, þegar fríkirkjusöfnuðirnir komu fram, nær í grófum dráttum yfir landshöfðingja- (1873–1904) og heimastjórnartímamann (1904–1918).¹⁰ Á því skeiði færðist framkvæmdavald í innanríkismálum Íslendinga í tveimur megináföngum inn í landið. Með stöðulögunum frá 1871 höfðu kirkjumál verið skilgreind sem innanríkismál ásamt sveitarstjórnar-, heilbrigðis-, skóla-, samgöngu- og atvinnumálum, auk nokkurra fleiri málaflokka. Árið 1874 fengu landsmenn svo eigin stjórnarskrá sem m.a. festi þessa skipan í sessi.¹¹

Á rannsóknartímabilinu hófst og lýðræðisþróun á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Árið 1872 gekk t.a.m. í gildi tilskipun um sveitarstjórnir og samkvæmt henni var tekið að kjósa hreppsnefndir sem tóku við mörgum hlutverkum hreppstjóra, sem skipaðir höfðu verið af amtmanni.¹² Engin almenn mannréttindalöggjöf gildi hér á landi fyrir 1874. Útgáfu- og félagastarfsemi var því þröngur stakkur sniðinn.¹³ Þegar nær dró aldamótunum 1900 hófust á hinn bóginn ýmiss konar félagslegar umbætur, auk þess sem félagsleg virkni almennings jókst.¹⁴ Á tímabilinu gekk því kröftug nývæðingarbylgja yfir samfélagið og eru fríkirkjusöfnuðirnir hluti af henni.

eriet for Island til landshöfðingja 20. júní 1901; *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landshöfðingi til biskups 31. ágúst 1901. Nokkrum árum síðar kom þó fram að biskup leit svo á að kirkjubyggingar fríkirkjusafnaða heyrðu á engan hátt undir kirkjustjórnina. *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 19. mars 1908.

⁸ Sjá: Austfirðingur, „Kirkjustjórnin og utanþjóðkirkjumennirnir“, *Þjóðólfur* 19. júní 1895, bls. 121–122, hér 121.

⁹ Á síðustu áratugum tuttugustu aldar beitti Alkirkjuráðið (*WCC*) sér fyrir verkefni undir heitinu *Sharing of Resources*. Í því fólst að efla kirkjur af ólíku tagi til samstarfs m.a. með því að nýta aðstöðu, fjármagn og mannaud sem best á hverjum stað. Samnýting af þessu tagi hefur því samkirkjulega vídd þótt tapast reyndi á hana hér á rannsóknartímanum þar sem um eina og sömu kirkjudeild var að ræða.

¹⁰ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, *Saga Íslands 10*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2009, bls. 1–312, hér 205–259.

¹¹ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 3*, 1875, bls. 123–124 (l. nr. 1/1871, stöðulögin); Einar Laxness, *Íslands saga S–Ö*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 75.

¹² Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874“, *Saga Íslands 9*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2008, bls. 165–374, hér 331–334.

¹³ Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar“, bls. 347–349.

¹⁴ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 109–116, 134–155, 173–178.

Á vettvangi kirkjunnar ýtti fyrrgreind þróun m.a. undir deilur um valdmörk milli kirkjustjórnarinnar og einstakra safnaða og jafnframt jukust afskipti almennings af kirkjumálum og þá einkum ytri málefnum.¹⁵ Viðleitni safnaða til að hafa áhrif í eigin málum var enda í flestum tilvikum helsta ástæða þess að fríkirkjusöfnuðir komu fram. Jafnframt hófst svo lýðræðisþróun í þjóðkirkjunni.¹⁶ Lög um sóknarnefndir tóku gildi 1880 og veittu þau söfnuðum nokkra aðkomu að eigin málum. Jókst hún eftir því sem leið á rannsóknartímabilið.¹⁷ Með lögum frá 1886 var söfnuðum tryggð nokkur aðkoma að veitingu prestsembætta og almennar prestskosningar voru teknar upp 1907.¹⁸ Þá var leitast við að tryggja einstaklingum aukið svigrúm innan þjóðkirkjunnar með lögum um leysingu sóknarbands en með lögnum var fólki enn fremur heimil að velja sér annan prest (kjörprest) ef ósætti kom upp við sóknarprestinn.¹⁹ Lögin áttu þó aðeins við um þau sem gátu fellt sig við að vera áfram í þjóðkirkjunni. Dreifbýli, vegalengdir og erfiðar samgöngur leiddu engu að síður til þess að þau sem nýttu sér heimildina náðu sjaldnast að mynda hópa með öðrum.

Með þessum breytingum skyldi ríkiskirkja fyrri alda þróuð í átt til þeirrar þjóðkirkjuskipanar sem gert var ráð fyrir í stjórnarskráinni frá 1874. Lýðræðisþróunin og aukið frelsi innan þjóðkirkjunnar náði samt ekki að koma í veg fyrir að einstakir söfnuðir klofnuðu og fram kæmu sjálfstæðir fríkirkjusöfnuðir á lútherskum grunni. Ástæða þessa fólst einkum í því að hér á landi náði lýðræði og sveigjanleiki innan þjóðkirkjunnar ekki að þróast í sama mæli og í Danmörku. Þar voru sett lög árið 1868 um kjörsöfnuði (d. *valgmenighed*) sem höfðu sambærilega stöðu og lúthersku fríkirkjusöfnuðirnir hér en gátu eigi að síður starfað innan vébanda dönsku þjóðkirkjunnar (d. *Folkekirken*), öfugt við það sem gerðist hér á landi.²⁰ Fjölgaði slíkum söfnuðum ört í Danmörku í kjölfar lagasetningarinnar 1868.

Samnýting

Við stofnun fríkirkjusafnaða var fólki almennt ekki efst í huga að greina skýrar milli safnaðar síns og þjóðkirkjunnar en nauðsynlegt var til að ná þeim hagnýtu markmiðum sem keppt var að á hverjum stað. Allir voru söfnuðirnir líka evangelísk-lútherskir, eins og þjóðkirkjan, og almennt safnaðarfólk virðist ekki

¹⁵ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 47/2018, bls. 44–71, ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632; Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 48/2019, bls. 25–60, ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2977/1728.

¹⁶ Þórunn [Jarla] Valdímarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 80–84 og 87–88; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 166.

¹⁷ *Stjórnartíðindi* 1880 A, bls. 28–30 (l. nr. 5/1880); *Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 214–220 (l. nr. 36/1907); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften 2:524, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1986, bls. 234–235.

¹⁸ *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 2–6 (l. nr. 1/1886); *Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 168–176 (l. nr. 28/1907); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 179–180.

¹⁹ *Stjórnartíðindi* 1882 A, bls. 66 (l. nr. 9/1882); Þórunn [Jarla] Valdímarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 74–76; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 166.

²⁰ Jens Holger Schørring, „1800 til í dag“, *Kirkens historie 2*, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 383–749, hér 572–574.

hafa talið verulegra breytinga þörf á guðþjónustusiðum eða öðru starfi kirkjunnar. Loks höfðu þau sem sögðu sig úr þjóðkirkjunni lagt sitt til sóknarkirkju sinnar og gátu því gert rökstutt tilkall til hennar ef því var að skipta og gátu auk þess verið tengd henni tilfinningaböndum. Í huga fríkirkjufólks virðist samnýting þeirra bjarga sem til staðar voru til kirkjustarfs á hverjum stað því hafa verið ákjósanlegt form á samskiptum við þjóðkirkjuna.

Í fyrstu greininni í flokknum kom fram að ástæðan fyrir stofnun fríkirkjusafnaðar á Héraði (þ.e. Völlum, 1892) var að íbúum Vallanessóknar þótti valréttur safnaðarinnar hafa verið frá honum tekinn er Vallanes- og Þingmúlaprestaköll voru sameinuð og presturinn í síðarnefnda kallinu tók við hinu sameinaða brauði. Þau sem sögðu sig úr þjóðkirkjunni höfðu á hinn bóginn ekkert á móti prestinum sjálfum.²¹ Mun fólkið líka upphaflega hafa hugsað sér að hann þjónaði því áfram samhliða þjónustu sinni í þjóðkirkjunni.²² Í þessu efni hafa fólki líklega verið lög um leysingu sóknarbands frá 1882 ofarlega í huga og það ekki gert skýran greinarmun á því að notfæra sér þann sveigjanleika sem í þeim fólst og hinu að stofna fríkirkjusöfnuð sem var því í sjálfu sér ekki efst í huga. Hefur fólkið þá litið svo á að sóknarpresturinn í Vallanesi yrði kjörprestur þess. Kirkjustjórnin leit aftur á móti svo á að beiðnin sýndi að úrsögn fólksins úr þjóðkirkjunni væri ekki annað en „hégómi eða yfirskin“ og yrði að skoðast sem „markleysa ein“. Í svo alvarlegu máli sem úrsögn úr kirkjunni „[...] ætti slíkt ekki að eiga sér stað.“²³ Hallgrímur Sveinsson (1841–1909) biskup hafnaði af þessum sökum fram kominni beiðni. Tók hann mið af því að sóknarbandsleysing og val á kjörpresti ætti aðeins við innan þjóðkirkjunnar.²⁴ Þá hefðu lög um utanþjóðkirkjufólk nú verið sett og því væri farvegur til staðar til að mæta aðstæðum á borð við þær sem upp voru komnar á Völlum og þau ætti ekki að sniðganga.²⁵ Þessi afstaða leiddi til nokkurrar harðneskju þar sem fólkinu var synjað um alla þjónustu þjóðkirkjunnar. M.a. hafnaði sóknarpresturinn að jarðsyngja nokkur úr þess röðum í inflúensufaraldri sem gekk yfir og voru þau grafin í Vallanesi án aðkomu prests.²⁶ Fríkirkjufólkinu var samt skylt að greiða öll gjöld til þjóðkirkjunnar meðan það hafði ekki fengið opinbera staðfestingu á köllun eigin prests eða forstöðumanns.²⁷ Hlýtur fólkinu af þeim sökum að hafa borið einhver þjónusta.²⁸ Varð þetta til þess að sótt var um opinbera

²¹ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 1*, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, bls. 170–171; Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar 2*, Reykjavík: Ljóðhús, 1980, bls. 213–214. Sumt gekk að nýju í þjóðkirkjuna er það þurftu á prestsverki að halda. Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar*, bls. 211–212.

²² Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar*, bls. 202, 205 og 338–339.

²³ *Df. Bps. CIII: 62*. Bréfabók biskups 1892–1893. Bisk. til M. Bl. Jónsson 27. september 1892; *Stjórnartíðindi* 1882 A, bls. 66–69 (l. nr. 9/1882).

²⁴ Sjá: *Df. Stjórnarráð* Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stj. 17. nóvember 1911.

²⁵ *Df. Bps. CIII: 62*. Bréfabók biskups 1892–1893. Biskup til M. Bl. Jónsson 27. september 1892; Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar*, bls. 202, 210–211.

²⁶ Sama heimild, bls. 202, 210–211. Prestar þjóðkirkjunnar í Reyðarfirði neituðu einnig að vinna prestsverk fyrir fríkirkjufólk þar. Sjá: Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi: Endurminningar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1949, bls. 177 og 183–184.

²⁷ *Df. Bps. CIII: 62*. Bréfabók biskups 1892–1893. Bisk. til M. Bl. Jónsson 27. september 1892.

²⁸ Nú er lögboðin skylda þjóðkirkjunnar að tryggja að allir landsmenn eigi kost á þjónustu hennar án tillits til kirkjuaðildar eða annarra skilyrða. Lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 (3. gr.), *althingi.is*, sótt 28. febrúar 2023 af <https://www.althingi.is/lagas/151c/2021077.html>.

staðfestingu á ráðningu forstöðumanns 1894 og fékkst hún tveimur árum síðar.²⁹ Þar með var stofnun safnaðarins formgerð.

Nokkuð var um að prestar sem þjónað höfðu í þjóðkirkjunni tækju að þjóna fríkirkjusöfnuðum, og öfugt, og vitnar það um friðsamlega sambúð. Eitt dæmi er jafnvel um að fríkirkjuprestur hafi verið settur sóknarprestur í þjóðkirkjunni meðfram þjónustu sinni í utanþjóðkirkjusöfnuði.³⁰ Í slíkum tilvikum hefur það líklega ekki vegið þungt í huga presta að með því að ganga til þjónustu við fríkirkjusöfnuði væru þeir að einhverju leyti að segja sig úr lögum við þjóðkirkjuna, ekki fremur en er þeir tóku upp þjónustu við söfnuði í Íslendingabyggðum vestanhafs.³¹ Lárus Halldórsson hefur þó verið undantekning frá þessu en friðslit milli hans og kirkjustjórnarinnar höfðu orðið áður en hann réðst til þjónustu við söfnuðinn í Reyðarfirði.

Fljótt var tekið að krefjast að fríkirkjusöfnuðir hefðu viðunandi guðsþjónustuhúsnæði til umráða áður en þeir fengju staðfestingu á vali sínu á forstöðumanni. Ekki var þetta þó sett sem skilyrði í lögnum frá 1886. Var leitað ýmissa leiða til að uppfylla skilyrðið. Söfnuður sem myndaðist um Halldór Bjarnarson (1855–1945) á Presthólum í Núpasveit (1900) vegna hatrammra deilna hans við nágranna sína í heimasókninni sló t.d. eign sinni á útkirkjuna á Ásmundarstöðum í krafti þess að mikill meirihluti sóknarfólks stæði að söfnuðinum.³² Var presti þjóðkirkjunnar, sem ætlað var að þjóna á staðnum, meira að segja neitað um lykil að kirkjunni.³³ Íslandsmálaráðherrann í Kaupmannahöfn var því ekki mótsnúinn að staðfesta köllun Halldórs sem safnaðarprests. Áður en til þess kæmi yrði þó tafarlaust að hlutast til um að kirkjan væri fengin kirkjustjórninni í hendur og beita skyldi til þess lögregluvaldi ef söfnuðurinn sýndi móttþróa. Að því loknu væri ekkert því til fyrirstöðu að fríkirkjusöfnuðurinn og þeir íbúar sóknarinnar sem áfram tilheyrðu þjóðkirkjunni notuðu kirkjuna saman en þá á grundvelli samkomulags milli fríkirkjusafnaðarinnar annars vegar og hlutaðeigandi þjóðkirkjusafnaðar og kirkjustjórnarinnar hins vegar og átti það að taka bæði til notkunar og hlutdeildar hvors um sig í rekstri.³⁴ Á þetta reyndi þó tæpast þar sem söfnuðurinn starfaði aðeins í skamman tíma.

Við stofnun fríkirkjusafnaðar í Gaulverjabæjarsókn tæpum áratug síðar var litið svo á að allt sóknarfólkið hefði sagt sig úr þjóðkirkjunni og því lægi beint við að söfnuðurinn hefði full ráð yfir sóknarkirkjunni. Um þetta leyti stóð bygging nýrrar kirkju yfir og því um ýmsar óuppgerðar fjárhagsskuldbindingar að ræða og þá ekki síst lán úr Hinum almenna kirkjusjóði þjóðkirkjunnar.

²⁹ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófjastdæmi*, bls. 170–171; Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar*, bls. 213–214.

³⁰ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal 1847–1976*, Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur H.F., 1976, bls. 387.

³¹ Þess má geta að á árunum 1977–1979 gegndi sami einstaklingur starfi biskupsritara og prestsstarfi hjá Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Á árunum 1979–1984 gegndi svo annar einstaklingur prestsþjónustunni og starfi fréttafulltrúa þjóðkirkjunnar samtímis. Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847–2002 1*, [lán útgst.]: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 236; Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847–2002 2*, [lán útgst.]: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 641.

³² Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“, bls. 41–42. — Eins og fram er komið telst þessi söfnuður ekki til þeirrar lýðræðishreyfingar sem hér er talin hafa komið fram við stofnun hinna átta safnaðanna.

³³ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til Ministeriet for Island 30. apríl 1901.

³⁴ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 20. júní 1901; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til biskups 31. júlí 1901.

Þórhallur Bjarnarson (1855–1916) biskup gætti að sjálfsögðu hagsmuna sjóðsins og hélt því fram að byggingin væri eign þjóðkirkjunnar og að fríkirkjusöfnuðurinn yrði að fá heimild til að nota hana eftir því sem um semdist. Þá þyrfti að ganga frá láninu með öðrum hætti en gert hafði verið fengi það á annað borð að standa.³⁵ Er þetta líklega í eitt af örfáum skiptum sem því hefur verið haldið fram að kirkjubygging væri í eigu þjóðkirkjunnar sem slíkrar en væri ekki sjálfseignarstofnun í umsjá sérstakrar sóknar eða sóknarprests eða í eigu einstaklings (bændakirkjur).³⁶ Tæpast stóðu full rök fyrir fullyrðingunni þótt þjóðkirkjunni bæri vissulega veð í kirkjuhúsinu og byggingunni bæri að skila sókninni að nýju ef klofningurinn gengi til baka. Skömmu síðar var gengið frá ábyrgð lánsins og tryggingu kirkjunnar. Fól biskup svo sóknarprestinum á Stokkseyri að vígja hana.³⁷ Virðast fulltrúar fríkirkjusafnaðarins þar með hafa beygt sig fyrir tilkalli þjóðkirkjunnar til hússins.

Fríkirkjustarfið í Gaulverjabæjarsókn leiddi til þess að fólk búsett á Stokkseyri gekk til liðs við söfnuðinn. Árið 1911 óskaði það eftir úrskurði biskups um hvort því sem fríkirkjusöfnuði á Stokkseyri væri heimilt án mótmæla af hálfu „þjóðkirkjusafnaðarmanna“ að láta prest sinn, Runólf Runólfsson (1851/2–1929), annast útfarir í sóknarkirkju staðarins samkvæmt helgisíðum safnaðarins og nota við þau tækifæri áhöld og annan búnað kirkjunnar. Yrði það þá gert á grundvelli 15. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn frá 1886. Þá óskaði fólkíð eftir að Runólfur fengi að messa tvisvar til þrisvar á ári í Stokkseyrarkirkju og taka þá þau til altaris sem þess kynnu að óska. Var þarna einkum hugsað til fólks sem sökum elli eða af öðrum viðlíka ástæðum átti erfitt með að sækja kirkju að Gaulverjabæ. Fyrir þetta skyldu koma eðlilegar greiðslur. Treysti fólkíð á að þetta yrði veitt í framhaldi af því að starfssvæði Runólfs hafði verið stækkað þannig að það miðaðist ekki aðeins við Gaulverjabæjar-sókn heldur og næstu sóknir.³⁸

Svar biskups var afdráttarlaust. Kvað hann engan utanþjóðkirkju- eða fríkirkjusöfnuð vera til á Stokkseyri þar eð fólk búsett þar er gengið hafði úr þjóðkirkjunni hefði ekki stofnað sérstakan söfnuð heldur gengið í „Gaulverjabæjar-utanþjóðkirkjusöfnuðinn“. Fólkinu hefði af þeim sökum ekki verið sett neitt skilyrði um að tryggja sér samkomuhús eins og venja væri við staðfestingu á forstöðumönnum. Allur réttur þess væri því bundinn við Gaulverjabæjarkirkju og grafreitinn þar.³⁹ Lög um leysingu sóknarbands kvað biskup aðeins gilda innan vébanda þjóðkirkjunnar og gæti fólkíð því heldur ekki litið á Runólf

³⁵ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stj. 30. október 1909; G[udmundur] L. H[afsteinsson], „[Gaulverjabæjarkirkja]/Byggingarsaga kirkjunnar“, *Kirkjur Íslands 4*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag o.fl., 2003, bls. 49–52. Um hinn almenna kirkjusjóð sjá: *Stjórnartíðindi* 1890 A, bls. 86 (l. nr. 20/1890, 4. gr.)

³⁶ Skálholtsdómkirkja er eina kirkjubyggingin sem nú er í eigu þjóðkirkjunnar sem stofnunar nema litið sé svo á að Strandarkirkja sé það líka. Hún hefur þó eigin kennitölu og ber því væntanlega að líta á hana sem sjálfseignarstofnun.

³⁷ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stj. 30. október 1909.

³⁸ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Guðm. Guðmundsson til biskups 21. apríl 1911; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stj. 17. nóvember 1911; *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 20–22 (l. nr. 4/1886). Í þeim lögum fjallaði 15. gr. um heimild til handa fríkirkjufólki til að nota kirkjugarða þjóðkirkjunnar. Þar var ekki getið um kirkjur. Einnig var vísað til 10. gr. laga um leysingu sóknarbands frá 12. maí 1882. *Stjórnartíðindi* 1882 A, bls. 68; Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Önnur grein“, bls. 12–14.

³⁹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stj. 17. nóvember 1911.

Runólfsson sem kjörprest sinn. Þá kvaðst biskup hafa tjáð sóknarprestinum á Stokkseyri að hvorki hann né söfnuðurinn þar hefði neinar skyldur til að heimila „[...] þessum Gaulverjabæjar utanþjóðkirkjumönnum sem búsettir eru innan Stokkseyrarsóknar [...]“ afnot af kirkju sinni eða kirkjugarði og taldi kröfu þar um hvorki styðjast við lög né sanngirni.⁴⁰ Kvað hann söfnuðinn í Gaulverjabæ verða að semja við þjóðkirkjusöfnuð og -prest á Stokkseyri um notkunina. Tók ráðherra undir þann skilning.⁴¹ Úrskurðaði hann loks að ef fríkirkjufólk í Gaulverjabæjarsöfnuði, búsett á Stokkseyri, óskaði eftir að nota kirkjugarð þar yrði að semja um það við þjóðkirkjusöfnuðinn á Stokkseyri og hlíta þeim skilyrðum sem hann setti.⁴² Hér virðast yfirvöld hafa gengið of frekt fram. Samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 átti fríkirkjufólk rétt á að nota kirkjugarða þjóðkirkjunnar gegn venjulegu gjaldi.⁴³ Í öllu falli vildu yfirvöld þröngva starfi fríkirkjusafnaðarins inn í sóknarskipan þjóðkirkjunnar. Fríkirkjufólki hefur á hinn bóginn verið tamast að líta svo á að söfnuðir þess ættu að vera óstaðbundnir a.m.k. innan raunhæfra marka.

Meðan á undirbúningi að stofnun fríkirkjusafnaðar á Fáskrúðsfirði stóð (1915) spurðu forgöngumenn málsins biskup hvort söfnuðurinn gæti vænst þess að fá afnot af nýreistri steinkirkju á Búðum gegn tiltölulegu gjaldi og að því tilskildu að það rækist ekki á við notkun þjóðkirkjusafnaðarins á henni. Sóknin hafði tekið mikið fé að láni úr Hinum almenna kirkjusjóði og allur þorri þorpsbúa gengið í ábyrgð fyrir því. Virðist því sem báðir söfnuðirnir gætu gert tilkall til afnota af byggingunni. Biskup kvaðst hafa heyrt að um 100 af rúmlega 300 gjaldendum í sókninni tækju þátt í safnaðarstofnuninni og væru það þau best stæðu. Biskup taldi vissulega að þetta fólk yrði ekki sjálfkrafa laust undan ábyrgð sinni þótt það gengi úr kirkjunni. Það væri þó eftirsóknarvert að halda einingu um fjármál kirkjunnar. Þórhallur biskup var samnýtingunni því ekki andvígur en svaraði fyrirspurninni þannig að ákvörðun um samnýtinguna yrði að bíða þar til gengið hefði verið frá formlegri skiptingu safnaðarins og löglegur safnaðarfundur í þjóðkirkjunni gæti tekið ákvörðun í málinu. Valdið lá því að mati biskups hjá þeim heimamönnum sem héldu tryggð við þjóðkirkjuna.⁴⁴ Hann virðist því ekki hafa litið á kirkjubygginguna sem eign þjóðkirkjunnar líkt og hann hafði gert fáum árum áður þegar um Gaulverjabæjarkirkju var að ræða. Þá var staðan aftur á móti sú að söfnuðurinn í heild hafði yfirgefið þjóðkirkjuna og því engum heimamönnum til að dreifa sem gátu talist formlegir eigendur. Skólanefnd og hreppsnefnd í Búðahreppi lýstu svo yfir í millitíðinni að söfnuðinum væri heimilt að halda guðsþjónustur í skólastofum barnaskólans á Búðum til að byrja með til eins árs.⁴⁵ Þar sem starf fríkirkjusafnaðarins varð skammært var samnýtingarmálið aldrei leitt til lykta.

⁴⁰ *Df.* Bps. 1994 E/1. Bréfabók biskups 1910. Biskup til próf. í Árnasprófastsd. 22. nóvember 1910; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Biskup til stj. 17. nóvember 1911.

⁴¹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Ráðherra til biskups 4. desember 1911.

⁴² *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Ráðherra til Gísla Gíslasonar 10. janúar 1912. Sbr. *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Gísli Gíslason til stj. 27. desember 1911.

⁴³ *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 20–22 (l. nr. 4/1886).

⁴⁴ *Df.* Bps. 1994 E/8. Bréfabók biskups 1914–1915. Biskup til próf. í S-Múlaprófastsd. 31. desember 1915; *Df.* Bps. 1994 E/8. Bréfabók biskups 1914–1915. Biskup til stj. 26. janúar 1915; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Biskup til stj. 27. janúar 1915.

⁴⁵ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Yfirlýsing 22. febrúar 1915.

Við stofnun fríkirkjusafnaðar í Bolungarvík 1915 gerði stjórn hans samkomulag við eigendur Hólskirkju, sem var bændakirkja, um að fá hana til afnota fyrir allt helgihald safnaðarins gegn leigu sem nema skyldi sömu upphæð á ári fyrir hvern féлага fimmtán ára og eldri og þjóðkirkjufólki bæri að greiða í kirkjugjald til kirkjunnar, auk beins kostnaðar sem af notkuninni hlaut. Skyldu áhöld kirkjunnar fylgja með í leigunni. Leigutíminn skyldi hefjast við löggildingu fríkirkjuprestsins og vera háður gagnkvæmum sex mánaða uppsagnarfresti. Skyldi þjóðkirkjusöfnuðurinn þó ætíð hafa forgang að kirkjunni. Loks var sá varnagli sleginn að kæmi til þess að þjóðkirkjusöfnuðurinn í Hólssókn hyrfi með öllu eða a.m.k. níu tíundu hlutar hans gengju í fríkirkjusöfnuðinn væri stjórn fríkirkjusafnaðarins fyrir hans hönd skuldbundin til að leysa kirkjuna til sín.⁴⁶

Þórhallur biskup taldi ekkert því til fyrirstöðu að söfnuðirnir notuðu kirkjuna saman líkt og samningurinn gerði ráð fyrir. Vísaði hann í því sambandi til úrskurðar síns varðandi kirkjuna á Búðum. Þó taldi hann að sóknarnefnd þjóðkirkjusafnaðarins og „[...]“ hinn enn ókomni sóknarprestur[...]“ yrðu að eiga atkvæði í málinu. Fríkirkjusöfnuðurinn var stofnaður er prestaskipti stóðu fyrir dyrum í Eyrarprestakalli (síðar Ísafjarðarprestakalli) en Bolungarvík var hluti þess og því talaði biskup um hinn „ókomna“ sóknarprest. Þó taldi biskup að aldrei kæmi til greina að afsala kirkjunni í hendur fríkirkjusafnaðar eins og fram kom í samningnum. Fram kom að fjárhald kirkjunnar hefði verið slæmt til margra ára og að hún væri í skuld við Hinn almenna kirkjusjóð en þaðan hefði hún hlotið lán sem þó væri ekki vani um bændakirkjur. Biskupi var því í mun að hún missti ekki tekjur.⁴⁷ Féllst stjórnarráðið á þetta álit biskups.⁴⁸ Um haustið samþykkti nýr prestur á Ísafirði, sem einnig þjónaði Bolvíkingum, Magnús Jónsson (1887–1958), síðar prófessor, alþingismaður og ráðherra, að höfðu samráði við sóknarnefnd að utanþjóðkirkjusöfnuður í Hólshreppi notaði Hólskirkju að því tilskildu að sú notkun færi aldrei í bága við notkun þjóðkirkjusafnaðarins.⁴⁹

Þessi dæmi sýna að fríkirkjusöfnuðir leituðust gjarna við að uppfylla það skilyrði stjórnvalda að þeir hefðu hæfileg guðsþjónustuhús til umráða áður en forstöðumenn þeirra gætu hlotið viðurkenningu með því að semja um samnýtingu kirkjuhúss við þjóðkirkjusöfnuðinn í viðkomandi sókn. Þar sem um lútherska söfnuði var að ræða gátu guðfræðileg rök ekki mælt gegn þessu fyrirkomulagi. Þá sköpuðu lög um utanþjóðkirkjufólk nokkurt fordæmi þar sem þau heimiluðu samnýtingu kirkjugarða. Loks stóðu fjárhagsleg rök einnig til þessa. Fríkirkjufólkið hafði, ásamt öðrum íbúum sóknanna, staðið undir rekstri kirknanna allt þar til prestur þess eða forstöðumaður hafði hlotið staðfestingu. Var það jafnvel samábyrgt fyrir skuldum kirknanna ásamt þeim sem eftir urðu

⁴⁶ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Samningur 18. júlí 1915.

⁴⁷ Við vísitásiu 1913 hafði ekki gengið saman um að söfnuðurinn tæki kirkjuna yfir. *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Biskup til stj. 14. ágúst 1915.

⁴⁸ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Ráðherra til stjórnar utanþjóðkirkjusafnaðar í Hólshreppi 26. ágúst 1915. Sjá og: *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Ráðherra til biskups 26. ágúst 1915.

⁴⁹ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Sóknarprestur til Jóh. Bárðarsonar og Árna E. Árnasonar 18. október 1915; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Yfirlýsing sóknarnefndar 21. október 1915.

í Þjóðkirkjunni. Hagsmunir beggja hópanna voru því oftast best tryggðir með samnýtingu. Biskup og yfirvöld stóðu almennt fast á að kirkjurnar væru í eigu einstakra þjóðkirkjusafnaða og að sóknarnefndir og -prestar gætu heimilað samnýtingu á þeim gegn gjaldi og að því tilskildu að þjóðkirkjufólk sæti alltaf fyrir um notkun. Biskup virðist hafa talið að þjóðkirkjan, sem slík, væri réttur eigandi byggingarinnar, væri engum þjóðkirkjusöfnuði til að dreifa í viðkomandi sókn og að aldrei kæmi til greina að kirkjubyggingu yrði afsalað í hendur fríkirkjusafnaðar. Hann stóð því dyggilegan vörð um hagsmuni þjóðkirkjunnar. Aldrei virðist á hinn bóginn hafa verið lagst gegn samnýtingu af einhvers konar „prinsíps“-ástæðum. Frumkvæði að samnýtingu kom þó alltaf frá fríkirkjusöfnuðunum, jafnvel þótt kirkjuklofningur virtist geta stefnt rekstri einstakra sóknarkirkna í voða. Meiri tregða ríkti um að þjóðkirkjuprestar þjónuðu utanþjóðkirkjufólki á þessu fyrsta skeiði trúfrelsis og þjóðkirkju í landinu. Í því sambandi má geta þess að þjóðkirkjunni ber nú lagaskylda til að tryggja öllum landsmönnum kirkjulega þjónustu, óháð kirkjuaðild, sé eftir því leitað. Hlýtur það einnig að eiga við um félagi í lútherskum fríkirkjusöfnuðum.⁵⁰

Ágreiningur vegna ummæla á prestastefnu

Viðleitni fríkirkjufólks til að samnýta kirkjulegar bjargir ásamt með þjóðkirkjufólki í heimahögum sínum bendir til að ekki hafi ríkt tiltakanleg spennan um kirkjuklofninginn sjálfan af þess hálfu. Hennar viðist frekar hafa gætt innan þjóðkirkjunnar. Ekki er þó fyrir það að synja að til árekstra um einstök mál hafi komið milli þessara ólíku félagslegu fyrirbæra innan „trúarstofnunarinnar“ í landinu.

Sá prestur þjóðkirkjunnar sem fyrstur átti við fríkirkjusöfnuð að etja var Daníel Halldórsson (1820–1907) sem veitt var Hólmaprestakall í Reyðarfirði 1880 eftir að hafa þjónað sem prestur og prófastur í Eyjafirði við góðan orðstír í tæp 40 ár.⁵¹ Heimamenn óskuðu á hinn bóginn að rúmlega 25 árum yngri syni og aðstoðarpresti nýlátins prests á staðnum yrði veitt embættið. Stjórnvöld töldu það ekki tækt m.a. sökum þeirra tekna sem Hólmum fylgdu.⁵² Varð þetta tilefni þess að utanþjóðkirkjusöfnuður myndaðist í kallinu. Móttökurnar ollu Daníel vonbrigðum og til er frásaga um að hann hafi sagst ekki mundu hafa tekið við brauðinu hefði hann fengið gleggri upplýsingar um mótspyrnuna við veitingunni en um hana á hann að hafa spurst fyrir hjá kaupmanni á svæðinu.⁵³

Pétur Pétursson (1808–1891) biskup brást við upp kominni stöðu með því að rita söfnuðinum eins konar hirðisbréf. Þar átalði hann fólkið fyrir óverðskuldaða höfnun á Daníel Halldórssyni sem réttilega skipuðum sóknarpresti er hann taldi mega líta á sem óhlýðni við boð konungs. Freistaði hann að leiða söfnuðinum fyrir sjónir að það væri syndsamlegt og rangt að láta Daníel gjalda þess að yfirvöld hefðu synjað söfnuðinum um þann prest sem óskað var og

⁵⁰ Lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 (1. mgr. 3. gr.), *althingi.is*, sótt 11. febrúar 2024 af <https://www.althingi.is/lagas/153c/2021077.html>.

⁵¹ Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskrár 1*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948, bls. 304.

⁵² Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 198–199; Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 167–168 og 176; Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Fyrsta grein“, bls. 34–35.

⁵³ Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 176, 177–178 og 179–181.

það væri heldur ekki rétt leið til að vinna að framgangi þess að söfnuðir fengju aukna hlutdeild í vali á prestum í framtíðinni. Þóttist biskup sannfærður um að áform um stofnun fríkirkjusafnaðar væru til komnar af fortölum einstakra manna sem ekki hefðu íhugað hve ófarsælar afleiðingar þau hlytu að hafa fyrir trúar- og safnaðarlífið í héraðinu.⁵⁴ Varaði hann við að ekki gæti hjá því farið að öll kirkjuleg samheldni hyrfi, barnauppræðsla yrði vanrækt, flokkadrættir og sundrung ykjust sem aftur kynni „[...] að trufla heimilislífið og raska friði og eindrægni á heimilunum“ næðu áformin fram að ganga.⁵⁵ Auk þess taldi hann við búið að fjárhagstjón biði fólksins. Þessa dapurlegu sviðmynd byggði biskup á því að kirkjurækni væri þegar horfin meðal fólksins sem sagt hafði sig úr kirkjunni. Er þá þess að gæta að það hafði enn ekki ráðið sér eigin prest til þjónustu. Því var um millibilsástand að ræða. Taldi biskup embættisskyldu sína að hvetja fólkið til að sættast heilum sáttum við sóknarprest sinn.⁵⁶ Ekki lét söfnuðurinn skipast við þetta.

Eftirmaður Daníels Halldórssonar varð Jóhann Lúther Sveinbjarnarson (1854–1912), tengdasonur hans, sem vígst hafði aðstoðarprestur hjá honum á Hrafnagili 1878, flust með honum að Hólum og haldið áfram starfi sínu þar. Hann tók svo við kalli 1893 og varð prófastur í Suður-Múlaprófastsdæmi ári síðar. Gegndi hann Hólum til dauðadags.⁵⁷ Mæddi fríkirkjumálið því einnig á honum frá upphafi.

Eftir að formlega hafði verið stofnaður fríkirkjusöfnuður í Reyðarfirði, lög gengu í gildi sem kváðu á um stöðu hans og réttindi 1886 og hann árið eftir fékk formlega viðurkenndan forstöðumann, Lárus Halldórsson, virðist friðsamlegri sambúð hafa komist á milli presta og safnaða í Hólmaprestakalli.⁵⁸ Á þessu varð þó breyting í kjölfar prestastefnu 1897 en þar kom upp umræða um aðskilnað ríkis og kirkju. Þórhallur Bjarnarson, þáverandi forstöðumaður Prestaskólans, var fylgjandi aðskilnaði og benti á fríkirkjusöfnuðinn í Reyðarfirði sem dæmi þess að vel gæti farið á fríkirkju hér á landi. Jóhann L. Sveinbjarnarson, sem gerst mátti til þekkja, lét þá svo um mælt að „[...] vinir

⁵⁴ Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 174. Sjá og: *ÞÍ*. Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók, bls. 1–2.

⁵⁵ *ÞÍ*. Bps. CIII: 54. Bréfabók biskups 1880–1882. Biskup til safnaðarins í Hólmasókn 15. apríl 1882. Sjá: Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 174–175. Lét biskup prenta bréf sitt og sendi ýmsum aðilum til að útbýta því meðal húsráðenda, auk þess sem sóknarnefnd bar að kynna það með venjulegum hætti, þ.e. með að lesa það á safnaðarfundi. Þá bauð hann prófasti að hlutast til um að næsti héraðsfundur hans ályktaði gegn söfnuðinum. *ÞÍ*. Bps. CIII: 54. Bréfabók biskups 1880–1881. Biskup til prófests, sýslumanns og C. D. Tulinius kaupmanns og konsúls á Eskifirði 15. apríl 1882.

⁵⁶ *ÞÍ*. Bps. CIII: 54. Bréfabók biskups 1880–1882. Biskup til safnaðarins í Hólmasókn 15. apríl 1882; Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 174–175. Sjá og: *ÞÍ*. Bps. CIII: 55. Bréfabók biskups 1882–1884. Biskup til próf. í S-Múlaprófastsd. 13. október 1882.

⁵⁷ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 158–159. Í *Annál nítjándu aldar* lét Pétur Guðmundsson að því liggja að óánægja fólks með skipan Daníels Halldórssonar hafi falist í að hann væri orðinn aldraður og þyrfti aðstoðarprest. Hefði hann því verið því sendur „[...] til þess eins að hirða tekjurnar.“ Pétur Guðmundsson, *Annál nítjándu aldar* 4, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Akureyri: Bókaútgáfan Edda og Árni Bjarnarson, 1942–1954. Flest bendir þó til að óánægjan hafi einvörðungu stafað af því að óskum safnaðarins um prest var enginn gaumur gefinn.

⁵⁸ Lárus Halldórsson, „Utanþjóðkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði (Niðurl.)“, *Þjóðólfrur* 25. maí 1888, bls. 97–98, hér 98; Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárúsar Halldórssonar“, *Austri* 30. september 1898, bls. 105; Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárúsar Halldórssonar. Niðurlag.“, *Austri* 19. október 1898, bls. 113; Lárus Halldórsson, „Svar til síra Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar“, *Austri* 19. nóvember 1898, bls. 126–127, hér 126.

fríkirkjunnar ættu sem minnst að vitna í þann söfnuð máli sínu til stuðnings, því að væri nokkurstaðar andlegur svefn og dauði ríkjandi, þá væri það þar.⁵⁹

Vissulega virðist óþols hafa gætt hjá Jóhanni í garð fríkirkjusafnaðarins en í blaðaskrifum sem spruttu af þessum ummælum hans lýsti hann tilkomu safnaðarins sem „fríkirkju-upppoti“ sem talið hefði verið að mundi „hjaðna niður“ af sjálfu sér.⁶⁰ Á hinn bóginn var hann ekki eindreginn andstæðingur aðskilnaðar ríkis og kirkju. Lýsti hann afstöðu sinni í því efni svo að sér þætti fríkirkjuhugmyndin „fegurri“ en þjóðkirkjufyrirkomulagið að því leyti að kirkjan stæði samkvæmt henni ekki undir löggjafarvaldi sem engin vissa væri fyrir að væri kirkjulega þenkjandi. Þrátt fyrir það hallaðist hann að þjóðkirkjufyrirkomulaginu þar sem landsháttum væri eins farið og á Íslandi. Vísaði hann þar til fámennis og strjálbýlis, sem og fátæktar landsmanna. Þá þrætti hann ekki fyrir að deyfð og áhugaleysi ætti sér einnig stað í þjóðkirkjunni, bæði í sínum söfnuði og annars staðar. Á hinn bóginn taldi hann ekki tryggingu fyrir að ráðin yrði bót á því með að því breyta ytra fyrirkomulagi kirkjunnar, þar sem þjóðkirkjuskipanin sem slík hamlaði ekki fólki frá því að vera sannir kristnir menn.⁶¹ Þá kvaðst hann ekki sjá að fríkirkjustofnunin í Reyðarfirði hefði haft jákvæð áhrif. Þvert á móti hefði klofningurinn valdið sundrungu í ýmsum almennum málum í héraðinu. Hann hefði líka orðið vitni að trúfélagaskiptum fólks að lítt grunduðu máli og jafnvel vegna ætlaðs fjárhagslegs ábata.⁶²

Lárusi Halldórssyni sárnuðu mjög ummæli Jóhanns á prestastefnunni og brást við þeim í blaðinu *Austra* á Seyðisfirði en þó vissulega ekki fyrr en tæpu ári eftir að þau höfðu verið látin falla, eða í lok júní 1898.⁶³ Taldi hann að síðan kirkja fríkirkjufólks var reist á Eskifirði (1884) hefðu oftari verið fluttar guðsþjónustur þar en í Hólmakirkju og hefðu þær einnig verið fjölsóttari þótt þjóðkirkjusöfnuðurinn væri meira en helmingi fjölmennari. Þó hefðu vetrarsamkomur þjóðkirkjufólks, sem í seinni tíð hefðu verið haldnar í skólahúsinu á Eskifirði, valdið því að guðsþjónustur væru orðnar fleiri á vegum þjóðkirkjunnar. Markmið samkomanna taldi hann enda hafa verið að hamla því að þjóðkirkjufólk í þorpinu tæki að halla sér um of að fríkirkjunni en það sótti í einhverjum mæli guðsþjónustur hennar. Meðfram væru samkomurnar því til vitnis um áhugaleysi þar sem fólk hefði ekki „nennt“ að sækja kirkju að Hólum. Hann játaði þó að vissulega hefði dregið úr guðsþjónustuhaldi fríkirkjusafnaðarins eftir að hann sjálfur flutti frá Eskifirði (1888) inn að Kollaleiru en torvelt væri bæði fyrir sig og margt safnaðarfólk að sækja kirkju út í kaupúnið.⁶⁴ Í svargrein Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar kom fram að guðs-

⁵⁹ „Prestastefnan í sumar“, *Verðir ljós* 8/1897, bls. 116–123, hér 122. Sjá og: „Synodus“, *Ísafold* 17. júlí 1897, bls. 198.

⁶⁰ Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar: Framh.“, *Austri* 11. október 1898, bls. 109–110, hér 110.

⁶¹ Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar: Niðurlag.“, *Austri* 19. október 1898, bls. 113.

⁶² Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar: Framh.“, *Austri* 11. október 1898, bls. 109–110, hér 110; Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar: Niðurlag.“, *Austri* 19. október 1898, bls. 113. Sjá: Lárus Halldórsson, „Svar til síra Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar“, *Austri* 19. nóvember 1898, bls. 126–127, hér 126.

⁶³ Lárus Halldórsson, „Dæmið ekki“, *Austri* 24. júní 1898, bls. 69–70.

⁶⁴ Sama heimild, bls. 70; [Lárus Halldórsson], „Dæmið ekki: (Niðurl.)“, *Austri* 15. júlí 1898, bls. 77. L.H. bjó á Eskifirði á árunum 1884–1888 en eftir það á Kollaleiru. Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar“, *Austri* 30. september 1898, bls. 105–106, hér 105; Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 214–215. Í skrifum sínum gagnrýndi L.H. bæjarbraginn á Eskifirði svo mjög að ritstjóri *Austra* sá ástæðu til að taka afstöðu

þjónusturnar í skólahúsinu hefðu verið teknar upp þegar 1888 og verið haldnar þriðja hvern sunnudag. Hefði frumkvæðið upphaflega komið frá 25 „húsfeðrum“ á Eskifirði og nágrenni og biskup samþykkt skipanina út þjónustutíma Daníels Halldórssonar. Þegar Jóhann hefði sjálfur tekið við kallinu hefði beiðnin verið endurtekin, þá af 64 beiðendum, þar af átta úr fríkirkjusöfnuðinum, og nýtt leyfi fengist fyrir þeim. Væru guðsþjónusturnar því til komnar vegna frumkvæðis beggja safnaðanna og bæru alls ekki vitni um kirkjulegt áhugaleysi. Þá hefði þeim aldrei verið stefnt gegn fríkirkjunni.⁶⁵

Í áframhaldandi skrifum hélt Jóhann því fram að hann bæri engan kala til fríkirkjufólksins.⁶⁶ Á hinn bóginn teldi hann söfnuðinn enga fyrirmyndarkirkju og hefði ummælum sínum á prestastefnunni aðeins verið ætlað til að leiðrétta misskilning í þá veru sem hann taldi hafa gætt hjá fyrri ræðumanni á fundinum og átti hann þar við Þórhall Bjarnarson. Rökstuddi hann þetta álit sitt með því að guðsþjónustur fríkirkjusafnaðarins lægju að mestu niðri yfir veturinn og væru mjög fáar á sumrum. Þó taldi hann að breyting hefði orðið á eftir gagnrýni sína á prestastefnunni. Einkum lagði hann þó áherslu á að ekki verið viðhöfð altarisganga í söfnuðinum í þrettán ár eða allan starfstíma Lárusar Halldórssonar. Jóhann taldi enda ekki reiknað með athöfninni í söfnuðinum, a.m.k. ekki að lútherskum hætti. Benti hann á því til sönnunar að ekkert altari væri í kirkju safnaðarins né fylgdu henni nein altarisgönguáhöld.⁶⁷ Þarna vísaði Jóhann til umræðunnar á prestastefnu 1897 þar sem nokkuð var rætt um iðkun kvöldmáltíðarsakramentisins sem mælikvarða á kirkjulegt ástand, hvort heldur væri í þjóðkirkju eða fríkirkju.⁶⁸ Lárus Halldórsson skýrði þetta langa hlé á altarisgöngum með því að meðal safnaðarfólks hefði gætt óánægju með hvernig athöfnin væri framkvæmd í þjóðkirkjunni og kvað mikla vinnu hafa verið lagða í að finna athöfninni form sem væri „einfalt og eðlilegt“ en þó jafnframt „myndarlegt og hátíðlegt“ og gæti jafnvel orðið til fyrirmyndar fyrir þjóðkirkjuna.⁶⁹ Kann þessi ádrepa Jóhanns að hafa orðið til þess að vorið 1899 var tvívegis efnt til kvöldmáltíðar í söfnuðinum.⁷⁰

gegn honum. Lárus Halldórsson, „Svar til síra Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar“, *Austri* 19. nóvember 1898, bls. 126–127. Í sömu heimild (bls. 127) er athugasemd ritstjóra. Árið 1897 var messudögum fækkað í söfnuðinum. Frá vetrarbyrjun til páska skyldi messað fjórða hvern sunnudag en annan hvern milli páska og hvítasunnu. *ÞÍ. Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 49.

⁶⁵ Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar: Framh.“, *Austri* 11. október 1898, bls. 109–110, hér 110.

⁶⁶ Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar“, *Austri* 30. september 1898, bls. 105.

⁶⁷ Þá vændi Jóhann Lárus um að vera ekki sömu trúar og söfnuður hans þar sem hann væri orðinn sjöundadags- aðventisti, a.m.k. héldi hann laugardaginn hátíðlegan. Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar“, *Austri* 30. september 1898, bls. 105–106. Sjá og: Lárus Halldórsson, „Svar til síra Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar“, *Austri* 19. nóvember 1898, bls. 126–127, hér 126.

⁶⁸ „Prestastefnan í sumar“, *Verði ljús* 8/1897, bls. 120, 122.

⁶⁹ Lárus Halldórsson, „Dæmið ekki“, *Austri* 24. júní 1898, bls. 69–70. Á safnaðarfundi 1897 var ákveðið að taka upp kvöldmáltíðarsakramentið og afla til þess borðs og nauðsynlegra áhalda m.a. glasa (sérbikara). Árið eftir var safnaðarfulltrúum og presti falin framkvæmd málsins. *ÞÍ. Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 49 og 50.

⁷⁰ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, *Fríkirkjan* 10/1899, bls. 150–157, hér 155.

Deilt um skýrsluskil

Svo kom að Skafti Jósefsson (1839–1905), ritstjóri *Austra*, batt enda á deilu prestanna í Reyðarfirði þegar komið var fram í mars 1899.⁷¹ Var þess þá skammt að biða að Lárus Halldórsson flytti til Reykjavíkur. Tók Guðmundur Ásbjarnarson (1866–1925) við starfi hans og fékk konunglega staðfestingu í byrjun árs 1902.⁷² Tók brátt að gæta árekstra milli hans og Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar.

Að fenginni opinberri staðfestingu á köllun sinni áttu fríkirkjuprestar að sýna hana sýslumanni eða bæjarfógeta á viðkomandi stað áður en þeir fremdu nokkurt embættisverk og skuldbinda sig um leið með skriflegum eiðstaf eða yfirlýsingu til að hegða sér í stöðu sinni samkvæmt lögum landsins. Þá skyldu þeir vera skýrslu- og upplýsingaskyldir í sama mæli og þjóðkirkjuprestar.⁷³ Í staðfestingarbréfum til handa forstöðumönnum var jafnan lögð rík áhersla á að þeir ræktu þessar skyldur sínar.⁷⁴ Í 14. gr. laganna um utanþjóðkirkjumenn frá 1886, sem fjallaði um skyldur forstöðumanns, sagði að hann væri skyldur „[...] að gefa skýrslur þær og vottorð, er yfirvöld krefjast og að söfnuði hans lúta, og upplýsingar aðrar í líkingu við það, sem þjóðkirkjuprestar eru skyldir að gefa.“⁷⁵ Í greininni kemur á hinn bóginn ekki fram hvert skýrslunum skyldi skilað. Leiddi þetta fljótt til spennu milli þeirra Jóhanns og Guðmundar.

Sú skipan komst á í tíð Lárusar Halldórssonar í Reyðarfirði að hann skilaði upplýsingum um safnaðarfolk sitt til Jóhanns á Hólmum, sem jafnframt var prófastur í Suður-Múlaprófastsdæmi. Hann felldi þær svo inn í heildaryfirlit sitt um íbúa svæðisins og sendi áfram til háyfirvalda í Reykjavík. Var lítið svo á að hér væri um veraldlegt hlutverk að ræða sem hið opinbera hefði falið prestum og fæli þessi framkvæmd því ekki í sér eftirlit með fríkirkjusöfnuðum eða forstöðumönnum þeirra af hálfu þjóðkirkjunnar. Virðist Lárus hafa felt sig við þessa skipan þótt nokkurn tíma tæki að koma henni á.⁷⁶

Þegar í ágúst 1903 tjáði Jóhann L. Sveinbjarnarson biskupi að Guðmundur Ásbjarnarson hefði þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir látið hjá líða að senda sér nauðsynlegar manntalsskýrslur er leitt hefði til þess að hann hefði sjálfur neyðst til að senda biskupi ófullnægjandi upplýsingar varðandi prófastsdæmið í heild. Kvartaði prófasturinn yfir hirðuleysi Guðmundar sem hann taldi hljóta að baka honum ábyrgð. Þá kom fram í bréfinu að oftár hefði komið fyrir að Guðmundur hefði tæplega hagað sér rétt í stöðu sinni að öðru leyti.⁷⁷ Prófastur krafðist raunar fleiri skýrslna af Guðmundi en manntalsskýrslanna. Árið 1904

⁷¹ *Austri* 22. mars 1899, bls. 30.

⁷² *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 11. janúar 1902; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til biskups og fulltrúa utanþjóðkirkjusafnaðarins 28. janúar 1902.

⁷³ *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 20 (l. nr. 4/1886, 14. gr.).

⁷⁴ Sjá t.d.: *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Stjr. til Ólafs Stephensen 30. maí 1914.

⁷⁵ *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 20–22 (l. nr. 4/1886, 14. gr.).

⁷⁶ *ÞÍ*. Bps. CIII: 58. Bréfabók biskups 1886–1888. Biskup til landsh. 28. júlí 1887; *ÞÍ*. Bps. CIII: 59. Bréfabók biskups 1888–1889. Biskup til landsh. 23. október 1888; *ÞÍ*. Bps. CIII: 59. Bréfabók biskups 1888–1889. Biskup til prófasts í S-Múlaprófastsd. 28. október 1888.

⁷⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann L. Sveinbjarnarson til biskups 10. ágúst 1903 (staðf. eftirrit 22. júní 1904). Prófastur gerði, árið eftir, ítarlegri grein fyrir innheimtuaðgerðum sínum í skýrslugjafarmálinu í umsögn sinni um málsvörn G.Á. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann Sveinbjarnarson til biskups 31. maí 1904.

ætlaðist hann þannig til að fá líka skýrslur um messugjörðir og altarisgöngur þar sem hann taldi „fróðlegt“ að vita hvað slíkum málum liði hjá utanþjóðkirkjusöfnunum en Guðmundur þjónaði nú einnig frikirkjusöfnunum á Völlum.⁷⁸ Þarna fór prófasturinn þó út fyrir embættisvið sitt þar sem lög kváðu ekki á um slíkt eftirlitshlutverk prófaste með utanþjóðkirkjusöfnunum. Auk þess hafði Magnús Stephensen (1836–1917) landshöfðingi úrskurðað, þegar árið 1887, að „hagfelldast“ væri að frikirkjusöfnunurinn í Reyðarfirði væri eins og unnt væri leystur undan „[...] hverskonar embættislegum afskiptum hlutaðeigandi sóknarprests þjóðkirkjunnar.“⁷⁹ Hlýtur sá úrskurður að hafa haldið gildi sínu þrátt fyrir að stjórnarráðið hefði nú tekið við hlutverki landshöfðingja uns það ákvað annað. Skýrist tregða Guðmundar við skýrsluskilin væntanlega fyrst og fremst af því að hann vildi verjast tilraunum þjóðkirkjuklerka til að skapa sér innsýn í starf safnaðanna eða öðlast tilsjónarrétt með störfum hans.

Ítrekaðar kvartanir prófaste leiddu til að Hallgrímur Sveinsson biskup kærði Guðmund fyrir landshöfðingja í janúar 1904 fyrir ótilhlýðilega framkomu í stöðu sinni. Sakargiftirnar voru að Guðmundur hefði þrátt fyrir endurteknar áskoranir verið ófáanlegur til að senda prófasti ársskýrslur viðvíkjandi mannfjölda í söfnuði sínum sem prófastur hugðist fella inn í heildarskýrslu sína um prófastsdæmið. Því hefði hann orðið að fresta skýrsluskilum sínum til yfirvalda fram úr hófi og upplýsingar hans ekki verið réttar þegar hann loks sendi skýrslurnar. Þá kvað biskup Guðmund hafa „[...] leyft sjer að sletta sjer inn í embættisverk prestsins í Hólmaprestakalli“, þ.e. Jóhanns prófaste.⁸⁰ Verður fjallað um þær ásakanir hér aftar. Áleit biskup að Guðmundur hefði brotið gegn 14. og 15. gr. laganna frá 1886. Bað hann landstjórnina að hlutast til um málið og hreyfði þeirri spurningu „[...] hvort eigi sje ástæða til að svipta þann mann hinni konunglegu staðfestingu, sem gerir sig hvað eptir annað sekan í verulegu misferli í stöðu sinni.“⁸¹

Hið nýstofnaða stjórnarráð sendi Guðmundi kærana til andvara.⁸² Fóru svör hans bæði um hendur biskups og prófaste og taldi sá fyrrnefndi þau mjög „ónóg og veik“, sem og að hann færi ekki að öllu leyti með rétt mál í málsvörn sinni. Hélt hann því fast við ósk sína um að yfirvöld aðhefðust vegna brota Guðmundar.⁸³ Í andmælum sínum hafði Guðmundur sagt að hann áleti sig ekki beinlínis skyldan til að senda prófasti mannfjöldaskýrslurnar þar sem lögin frá 1886 kvæðu á um að þær skyldi senda til yfirvalda en hann gæti á engan hátt skoðað prófastinn sem yfirvald með tilliti til sín þar sem hann „teldi“ sig ekki í þjóðkirkjunni. Í þessu efni lá þó fyrir úrskurður landshöfðingja frá 1887 þar sem frikirkjuprestum voru lagðar hliðstæðar skyldur á herðar og þjóðkirkjuprestum viðvíkjandi lögboðin skýrsluskil, að verðlagsskýrslum undan skildum. Í því fólst m.a. að þeir skiluðu skýrslum sínum til næsta prófaste. Þetta kvað

⁷⁸ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann Sveinbjarnarson til biskups 31. maí 1904.

⁷⁹ *Stjórnartíðindi* 1887 B, bls. 122 (bréf landshöfðingja til stiptsyfirvalda 15. september 1887).

⁸⁰ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landsh. 13. janúar 1904 (eptirrit); *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

⁸¹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landsh. 13. janúar 1904 (eptirrit).

⁸² *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Stjr. til Guðm. Ásbjarnars. 13. febrúar 1904.

⁸³ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

Guðmundur þó ekki ástæðu þess að skýrslurnar hefðu ekki borist fyrr en seint og um síðir, einkum fyrir árið 1902. Sá háttur sem hafður hafði verið á væri sér þvert á móti öldungis útlátalaus og meira að segja umsvifaminnstur fyrir sig. Skýringuna kvað hann einfaldlega hafa verið að fyrirmæli prófests um skýrsluskilin hefðu verið óljós, skilafrest hefði vantað og prófastur ekki kallað sérstaklega eftir skýrslunum.⁸⁴ Þar með hafnaði hann því að um óhlýðni væri að ræða. Í umsögn sinni um svarið kvað biskup Guðmund hafa sýnt seinlæti og kæruleysi og að engu væri líkara en að honum fyndist það ganga ósvinnu næst að senda skýrslurnar frá sér nema sífelldlega væri verið að nauða í honum og herja þær út.⁸⁵ Gætti því töluverðs þirringis hjá biskupi í garð Guðmundar.

Í stjórnarráðinu gætti skiptra skoðana. Guðmundur Sveinbjörnsson (1871–1950), fulltrúi í dóms- og kirkjumálaskrifstofu þess (fyrstu skrifstofu), fylgdi í öllum meginatriðum eftir sjónarmiðum prófests og biskups. Taldi hann að biskup gæfi Guðmundi ekkert ranglega að sök enda væri vörn hans veik og til annars betur fallin en að afsaka hann. Taldi hann skýringar nafna síns á því hvers vegna hann hefði ekki skilað skýrslunum í tæka tíð vífilengjur einar. Áleit hann að ekki yrði „[...] mildar að orði komist en að Guðmundur hafi sýnt ótilhlýðilegt seinlæti og kæruleysi [...]“.⁸⁶ Guðmundur Sveinbjörnsson áleit enga lagaheimild til að sekta frikirkjupresta fyrir brot í stöðu þeirra. Því kæmi aðeins til greina að áminna þá eða svipta þá staðfestingu tafarlaust. Áleit hann það ekki geta talist óréttlátt að grípa þegar í stað til síðara úrræðisins þar sem brotin hefðu verið margs konar og sum endurtekin, þ.e. vanræksla á skýrsluskilum.⁸⁷ Þar sem hann hefði ekki verið kærður áður taldi fulltrúinn þó að e.t.v. væri rétt að láta áminningu nægja. Þó bæri að tjá forstöðumanninum að ef hann vanrækti að senda prófasti eða öðrum yfirvöldum um beðnar skýrslur í tækan tíma mundi stjórnarráðið þegar í stað fara fram á að hann yrði sviptur opinberri staðfestingu til að gegna stöðu sinni. Loks taldi Guðmundur Sveinbjörnsson að ef áminning yrði veitt ætti að gera biskupi aðvart og leggja fyrir hann „[...] að gæta þess nákvæmlega, að forstöðumaður þessi ræki í öllu skyldur sínar og að láta stjórnarráðið tafarlaust vita ef útaf bregður.“⁸⁸ Hann virðist því hafa litið svo á að biskup hefði tilsjónarvald yfir frikirkjuprestum. Andstætt álit kom skýrt fram í bókun Jóns Magnússonar (1859–1926), skrifstofustjóra og síðar forsætisráðherra, sem sé, að biskup væri ekki yfirmaður utanþjóðkirkjupresta og ekki virtist því tækt að leggja fyrir hann að fara með eftirlitshlutverk með þeim. Klemens Jónsson (1862–1930) landritari var í áritun sinni samdóma Jóni.⁸⁹ Yfirmenn í stjórnarráðinu virðast þar með hafa gætt eðlilegra trúfrelsis-sjónarmiða í málinu, sem tæpast verður sagt um undirmann þeirra, sem líklega hefur einkum litið á hlutverk sitt svo að það væri að draga saman efni úr fyrirleggjandi gögnum en láta yfirmönnum sínum eftir að fella efnislega úrskurði.

⁸⁴ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stjr. 20. apríl 1904; *Stjórnartíðindi* 1887 B, bls. 122 (bréf landshöfðingja til stiptsyfirvalda 15. september 1887).

⁸⁵ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til stjr. 22. júní 1904.

⁸⁶ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

⁸⁷ Sama stað.

⁸⁸ Sama stað.

⁸⁹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Áritun 16. nóvember 1904 á [álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

Klemens landritari kvaðst þó vera Guðmundi Sveinbjörnssyni sammála um að Guðmundur Ásbjarnarson hefði óbeint viðurkennt að allar ásakanir biskups væru sannar. Á hinn bóginn var hann ekki sammála fulltrúanum um hvernig túlka ætti nefnda lagagrein. Í henni væri ekki tekið fram hvert ætti að skila skýrslunum. Benti hann á að samkvæmt henni ættu prestar utanþjóðkirkjusafnaða að sýna veraldlegu yfirvaldi, almennt sýslumanni, hina konunglegu staðfestingu sína og afhenda því eiðstaf sinn. Því hlyti þeim einnig að bera að láta veraldlegu yfirvaldi í té téðar skýrslur, sem og vottorð um skírnir og fermingar sem yfirvöld kynnu að krefjast. Taldi hann „ónáttúrulegt“ að fríkirkjuprestar heyrðu í nokkru undir prófast og biskup þjóðkirkjunnar. Lagði hann því til að Guðmundi Ásbjarnarsyni væri skipað að senda sýslumanni í janúar ár hvert skýrslur fyrir nýliðið ár, sem síðan sendi þær stjórnarráðinu. Virðist hann í þessu efni hafa viljað taka nokkurt tillit til skaphafnar Guðmundar en í stjórnkerfinu lá mönnum neikvætt orð til hans.⁹⁰ Kemur það m.a. fram í ummælum Guðmundar Sveinbjörnssonar um að nafni hans væri maður „[...] sem naumast mun verða álitinn til mikillar uppbyggingar sem safnaðarforstöðumaður.“⁹¹ Ekki er mögulegt að ákvarða hvort þetta var að verðleikum eða hvort fremur hafi verið um að kenna spennu milli fríkirkjunnar á Austurlandi og stjórnvalda. Orðrómurinn kann að eiga upphaf sitt í umsögn biskups um umsókn um staðfestingu Guðmundar í starf forstöðumanns en hann lagðist gegn staðfestingunni vegna prófleysis Guðmundar en við það tækifæri lét hann svo um mælt að Guðmundur hefði á námsárum sínum í Prestaskólanum alls ekki sýnt sig „[...] sem alvarlegan og ráðsettan mann heldur miklu fremur hið gagnstæða.“⁹²

Lyktir málsins urðu þær að Hannes Hafstein (1861–1922) ráðherra úrskurðaði í lok árs 1904 að prestum og próföstum væri falið að gera manntal og gefa þær skýrslur sem þar að lytu. Með opinberri staðfestingu sem forstöðumaður hefði Guðmundi Ásbjarnarsyni verið falið að láta hlutaðeigandi yfirvöldum, sem væri í þessu tilliti prófastur, í té allar slíkar skýrslur og hefði hann gerst brotlegur í því efni. Þar sem manntalið væri „verslegt starf“ þýddi þetta þó ekki að mati ráðherra að prófastur og/eða biskup hefðu tilsjón eða boðvald yfir forstöðumanninum.⁹³ Lauk bréfi ráðherra með eftirfarandi viðvörðun til Guðmundar:

Eftir því sem þannig er fram komið, finnur stjr ástæðu til að benda yður á það, að þjer getið því aðeins búizt við að halda staðfestingu yðar sem forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, að þjer gætið skilyrða þeirra, sem sett eru fyrir staðfestingunni og yfirleitt borgaralegra laga.⁹⁴

Guðmundur Ásbjarnarson var því fremur aðvaraður en áminntur að þessu sinni. Í uppkasti Guðmundar Sveinbjörnssonar hafði bréfið falið í sér formlega

⁹⁰ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Ódags. áritun Kl.J. á [álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

⁹¹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

⁹² ÞÍ. Bps. CIII: 71. Bréfabók biskups 1901–1902. Biskup til landsh. 6. apríl 1901. — Guðmundur Ásbjarnarson hafði vissulega stundað nám í Prestaskólanum en ekki lokið prófi. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar aniskrár 2*, Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1949, bls. 125–126.

⁹³ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Stjr. til Guðm. Ásbjarnars. 6. desember 1904. Sjá: Páll Björnsson, *Ættarnöfn á Íslandi: Aitök um þjóðararf og myndir*, Reykjavík: Sögufélag, 2021, bls. 36.

⁹⁴ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Stjr. til Guðm. Ásbjarnars. 6. desember 1904.

áminningu sem ráðherra mildaði til samræmis við álit Klemensar Jónssonar og Jóns Magnússonar.⁹⁵

Með þessu var þó ekki endi bundinn á vandamálið varðandi skýrsluskilin fyrir austan og leitaði Hallgrímur Sveinsson biskup enn aðstoðar stjórnarráðsins haustið 1908 við að innheimta manntalsskýrslur. Þá spurði hann stjórnarráðið aftur að því hvort slík iðuleg vanræksla á lögskilum af hálfu „utanþjóðkirkjuprests þessa“ megi haldast vítalaus.⁹⁶ Í framhaldinu krafðist stjórnarráðið skýringar Guðmundar Ásbjarnarsonar á málinu.⁹⁷ Dráttur varð á viðbrögðum hans. Eftirmaður Hallgríms, Þórhallur Bjarnarson, kvartaði enn yfir hinu sama sumarið 1909 og vakti þá máls á hvort ekki væri full ástæða til að nema úr gildi rétt forstöðumannsins til safnaðarforstöðu ef þessu færi fram.⁹⁸ Fylgdi hann þar með fyrirrennara sínum að málum. Að þessu sinni brást stjórnarráðið hart við og krafði Guðmund svara við bréfi sínu frá árinu áður og lýsti yfir að væri svar ekki komið innan hæfilegs tíma „[...] verðið þjer sviptur rjetti til að hafa lengur á hendi forstöðu nefndu safnaða.“⁹⁹ Nokkur dráttur varð enn á efnislegu svari.¹⁰⁰ Um haustið afsakaði hann loks slæg skýrsluskil síðustu árin með lasleika sínum (1907) er komið hefði í veg fyrir að hann gerði manntal í söfnuðunum, sem og að hann hefði ekki fengið eyðublöð hjá prófasti árið eftir. Að lokum hét Guðmundur að skila skýrslunum í tæka tíð en þó beint til stjórnarráðsins ef sér leyfðist það.¹⁰¹ Sendi hann því enda skýrslurnar fyrir 1907 og 1908.¹⁰² Í lokasvari stjórnarráðsins kvað ráðherra, sem þá var Björn Jónsson (1846–1912), að ráðuneytið ætlaði að láta við svo búið standa „[...] en jafnframt verður stj. að krefjast þess, að þjer eptirleiðis látið prófastinum í tje umræddar skýrslur þegar eptir lok hvers árs, og verður vanræksla frá yðar hendi með skýrslugjörð þessa ekki liðin hjer eptir.“¹⁰³ Deilur af þessu tagi komu ekki upp milli yfirvalda og annarra fríkirkjupresta/forstöðumanna. Kann að hafa skipt máli að Guðmundur Ásbjarnarson var ekki guðfræðimenntaður, var óvígður og hafði því ekki starfað á vegum þjóðkirkjunnar né átti eftir að gera það. Var hann því ómótaðri af hefðum þjóðkirkjunnar en aðrir forstöðumenn fríkirkjusafnaða og hugsanlega ófúsari að beygja sig undir þær.

Við stofnun fríkirkjusafnaðarins í Gaulverjabæjarsókn 1909 var forstöðumanni hans uppálagt að halda ministerialbók og sálnaregistur eins og prestar þjóðkirkjunnar og krafist af honum „allflestra“ sömu skýrslna og af þeim. Skyldu þær berast prófasti í Árnesprófastsdæmi á eyðublöðum sem hann sendi. Ekki bæri forstöðumanninum á hinn bóginn að senda upplýsingar um messur

⁹⁵ Sama stað.

⁹⁶ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Biskup til stj. 22. september 1908.

⁹⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Stj. til forstöðum. utanþjóðkirkjus. í Reyðarf. og á Völlum 7 október 1908.

⁹⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Biskup til stj. 15. júlí 1909.

⁹⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Stj. til Guðm. Ásbjarnars. 5. ágúst 1909.

¹⁰⁰ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stj. 12. september 1909.

¹⁰¹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stj. 16. október 1909.

¹⁰² *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Stj. til biskups 6. nóvember 1909.

¹⁰³ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Stj. til Guðm. Ásbjarnars. 6. nóvember 1909.

og altarisgöngur né heldur um fermd ungmenni.¹⁰⁴ Ekki hafði því verið slakað á með að prófastur væri hinn rétti viðtakandi skýrslanna.

Næst var skýrsluskilamálum fríkirkjupresta hreyft 1912 en þá af öðrum ástæðum. Milli jóla og nýárs þetta ár sneri Jóhann Þorkelsson (1851–1944) dómkirkjuprestur sér til biskups vegna óvissu um framkvæmd manntals í bænum. Vísaði hann til bréfs landshöfðingja til stiftsyfirvalda frá því síðla árs 1900 þar sem kveðið var á um að sálnaregistur Reykjavíkursóknar skyldi ná jafnt yfir utanþjóðkirkjufólk sem þau sem væru í þjóðkirkjunni.¹⁰⁵ Kvað hann bæjarstjórnina vissulega hafa tekið að sér hið árlega manntal, sem eðlilegt væri að næði yfir alla bæjarbúa. Á dómkirkjuprestinum hvíldi þó áfram sú skylda að annast skýrslur um læsi fólks í prestkallinu, hver væru innan ákveðins aldursmarks, sem og fjölda fermdra, blindra, heyrnar- og mállausra. Þessar upplýsingar hlytu að krefjast umtalsverðar yfirsýnar sem vart væri hægt að öðlast öðruvísi en með húsvitjunum. Í úrskurði landshöfðingja frá 1901 kæmi á hinn bóginn fram að dómkirkjupresturinn skyldi vera laus við að líta eftir almennri ungdómsfræðslu, sem og laus við eiginlegar húsvitjanir hjá utanþjóðkirkjufólki. Þá hefði fríkirkjusöfnuðurinn vaxið til muna og næði til um tveggja fimmtu hluta bæjarbúa, auk þess sem kaþólskur söfnuður og tveir aðventsöfnuðir hefðu komið til sögunnar. Kvað Jóhann dómkirkjuprestinn ekki hafa tíma til að afla nauðsynlegra upplýsinga í öllum þessum söfnuðum. Einnig benti hann á að

[...] annarlegir söfnuðir munu eigi álíta sér skyldu að gefa honum sem þeim óviðkomandi presti neinar upplýsingar hér að lútandi, sem eigi er heldur að búast við, enda er hann leystur undan að hafa eftirlit með og afskipti af utanþjóðkirkjumönnum, samkvæmt hinu áðurgreinda landshöfðingjabréfi.¹⁰⁶

Lagði Jóhann til að frá næstu áramótum væri dómkirkjupresturinn leystur undan skýrslugerð varðandi utanþjóðkirkjufólk þar sem hann hefði ekki tök á að hafa upplýsingarnar réttar.¹⁰⁷

Biskup rak erindið tafarlaust áfram gagnvart stjórnarráðinu. Benti hann á að forstöðumenn utanþjóðkirkjusafnaða utan Reykjavíkur hefðu samið — eða átt að semja — allar þessar skýrslur og senda til prófasts. Lítið taldi hann hafa farið fyrir skýrslugerð meðal kaþólskra og í aðventsöfnuðunum. Fríkirkjupresturinn hefði sent yfirlit yfir gifta, fædda, fermda og dána en væntanlega lítið átt við heilsufarsskýrslurnar og deilur hefðu staðið um manntalið sem hefði fyrirhöfn og kostnað í för með sér. Þá ítrekaði biskup að stjórnarráðið hlyti að úrskurða um málið þar sem landshöfðingjaembættið hefði áður gert það. Mælti hann með að farið yrði að tillögu Jóhanns, sem og að forstöðumönnum utanþjóðkirkjusafnaðanna væri uppálagt að taka saman nefndar skýrslur og senda frá sér rétta boðleið en biskup skyldi útvega þeim eyðublöð.¹⁰⁸ Hannes Hafstein, sem nú var orðinn ráðherra öðru sinni, ákvað á gamlaársdag að eftirleiðis skyldu forstöðumenn utanþjóðkirkjusafnaða í Reykjavík annast skýrslugerðina.

¹⁰⁴ *BÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til próf. í Árnesprófastsd. 20. desember 1909; *BÍ*. Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Biskup til Runólfs Runólfs. 20. desember 1909.

¹⁰⁵ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann Þorkelsson til biskups 27. desember 1912.

¹⁰⁶ Sama stað.

¹⁰⁷ Sama stað.

¹⁰⁸ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til stjr. 28. desember 1912.

Í bréfum til þeirra kom fram að dómkirkjupresturinn væri framvegis leystur undan því að semja manntalsskýrslur yfir þeim utanþjóðkirkjusöfnuðum í bænum sem hefðu formlega viðurkennda forstöðumenn, sem og að forstöðumennirnir skyldu eftirleiðis hafa slíka skýrslugerð á hendi, í fyrsta skipti fyrir útlíðandi ár.¹⁰⁹ Skýrslurnar voru fimm: manntalsskýrsla; dánarskýrsla; ein yfir gift, fædd og dáin; önnur yfir blind; og loks skýrsla um þau sem heyrnar- og mállaus voru. Dánarskýrslurnar með fylgiskjölum átti að senda héraðslækni. Hinar skýrslurnar skyldi senda stjórnarráðinu fyrir lok janúar ár hvert. Biskup átti að útvega eyðublöðin.¹¹⁰ Hér voru því höfð snör handtök og frikirkjusöfnuðir í Reykjavík með öllu leystir undan tengslum við þjóðkirkjuna hvað skýrslugerð áhræðdi. Ekki kom fram hvort hliðstæð breyting var gerð þá þegar vegna utanþjóðkirkjusafnaða annars staðar á landinu.

Þetta skýrsluskilamál allt sýnir að þrátt fyrir lögin frá 1886 gekk tregt að gera utanþjóðkirkjusöfnuði að fullu óháða þjóðkirkjunni. Hér var vissulega um fullkomlega veraldlegt málefni að ræða en sýndi þó að frikirkjusöfnuðirnir voru undirskipaðir þjóðkirkjunni og stutt var í að embættismenn hennar álitu sig hafa tilsjónarvald með þeim þótt veraldleg yfirvöld teldu ekki endilega svo vera.

Átök um prestsverk

Fljótlega eftir að Guðmundur Ásbjarnarson tók til starfa fór einnig að bera á árekstrum milli hans og Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar á viðkvæmari sviðum en skýrsluskilin geta talist.¹¹¹ Í kæru sinni frá því í ársbyrjun 1904 sakaði Hallgrímur biskup, eins og drepíð var á, Guðmund um að hann hefði, auk vanrækslu sinnar, „[...] leyft sjer að sletta sjer inn í embættisverk prestsins í Hólmaprestakalli“.¹¹² Þetta átti Guðmundur að hafa gert með því að framkvæma prestsverk sem með réttu heyrðu undir Jóhann sem sóknarprest að Hólmum.¹¹³

Fermingar

Í kæru sinni kvað biskup Guðmund hafa fermt tvo „[...] fáráðlinga, fábjana eða því sem næst [...]“ úr þjóðkirkjusöfnuðinum í Hólmaprestakalli. Hefði sóknarpresturinn talið að mikið vantaði upp á að þessi ungmenni væru „fermingarhæf“. Þrátt fyrir umfangsmiklar tilraunir hefðu börnin ekkert skilið í „[...] því litla, sem þeim hafði að nafninu til verið kennt utanbókar.“¹¹⁴ Þegar Jóhann hefði næstliðið vor (1903) ekki treyst sér til að ferma börnin hefði móðir þeirra sagt sig úr þjóðkirkjunni með börnum sínum og Guðmundur

¹⁰⁹ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Ráðherra til forstöðumanna 31. desember 1912.

¹¹⁰ Í drögum að bréfi var gert ráð fyrir að prófasti væru sendar skýrslurnar. *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Ráðherra til forstöðumanna 31. desember 1912.

¹¹¹ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann L. Sveinbjarnarson til biskups 10. ágúst 1903 (staðf. eftirrit 22. júní 1904).

¹¹² *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landshöfðingja 13. janúar 1904 (eptirrit); *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

¹¹³ Lengi giltu strangar reglur um hvaða presti bæru einstök prestsverk. Prestar áttu þannig heimtingu á greiðslum fyrir „aukaverk“ sem unnin voru fyrir sóknarbörn þeirra, jafnvel þótt aðrir prestar ynnu þau. Einnig voru reglur um hve nánum skyldmönnum prestar máttu þjóna.

¹¹⁴ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landsh. 13. janúar 1904 (eptirrit); *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

fermt þau skömmu síðar.¹¹⁵ Biskup benti á að í þjóðkirkjunni þætti það vítavert ef prestur leyfði sér að ferma börn sem starfsbróðir hans hefði sama ár synjað um fermingu enda bryti slíkt í bága við góða starfshætti.¹¹⁶ Um var að ræða systkini, átján ára stúlku og pilt á sautjanda ári. Í greinargerð sem tekin var saman í stjórnarráðinu eftir gögnum frá embættismönnum kirkjunnar er ástandi þeirra lýst með sama orðfæri og í bréfi biskups.¹¹⁷ Vissulega benti biskup á að samkvæmt 11. gr. laga um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 hlytu börn þess við fjórtán ára aldur öll sömu borgaralegu réttindi og fermingin veitti þeim ungmönnum sem voru í þjóðkirkjunni. Utanþjóðkirkjufólki væri því ekki skylt að láta ferma börn sín. Kysi það eigi að síður að láta gera það „[...] virðist það mjög ótilhlýðilegt og gagnstætt orðum og anda löggjafarinnar, að þeim líðist að virða að engu þau skilyrði sem sett eru fyrir fermingunni hjá kristnum mönnum.“¹¹⁸ Virðist biskup þar þó aðeins hafa venjur þjóðkirkjunnar í huga. Er þá komið enn eitt dæmi um hvernig kirkjunnar mönnum þótti að utanþjóðkirkjusöfnuðum bæri að semja sig að háttum þjóðkirkjunnar. Þá segir í kærinni:

Það er ennfremur mjög athugavert, sem kemur fram í þeim 2 tilfellum, sem hér er um að ræða: að fúsleiki utanþjóðkirkjuforstöðumannsins til að takast á hendur þau prestsverk, sem þjóðkirkjupresturinn af gildum ástæðum færir undan að vinna, gerir honum mjög örðugt að framfylgja í sínum söfnuði ákvæðum laganna gagnvart misjafnlega vönduðu eða lítt kirkjulega hugsandi fólki. Vandir hann um nokkuð, svo sem sambúð ógíftra persóna, vanrækta barnafræðslu eða annað þvívíkt, eða líki slíkum mönnum ekki, hvernig hann framfylgir kirkjulögum, þótt það sé í alla staði rétt, er viðkvæðið þegar: „Ég læt ekki bjóða mér slíkt; þá fer ég til utanþjóðkirkju-forstöðumannsins.“ Til þess að vernda síðavanda og reglusama presta í þjóðkirkjunni gegn slíkri misbrúkun hins kirkjulega frelsis, virðist landsstjórnin hafa ríka hvöt til að láta það eigi viðgangast, að prestar eða forstöðumenn utanþjóðkirkjusafnaða leyfi sér að brjóta lög eða sýna ótilhlýðilega framkomu í þá átt, sem um ræðir hér að framan [...].¹¹⁹

Má af þessum orðum sjá að Hallgrímur Sveinsson óttaðist að starf fríkirkjusafnaða stofnaði kirkjuskipan landsins og félagslegu aðhaldi kirkjunnar í tvísýnu. Á sama tíma voru uppi fleiri vandamál í samskiptum þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaða. Má þar nefna þá hreyfingu sem biskup taldi gæta meðal efnaþænda í Kjalarnesprófastdæmi að ganga til málamynda í fríkirkjusöfnuðinn í Reykjavík til að spara sér útgjöld.¹²⁰

Biskup áleit að Guðmundur Ásbjarnarson hefði beinlínis brotið 14. og 15. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn frá 1886. Æskti hann tilhlutunar landstjórnarinnar í málinu og hreyfði þeirri spurningu „[...] hvort eigi sé ástæða til að svipta þann mann hinni konunglegu staðfestingu, sem gerir sig hvað eptir annað sekan í verulegu misferli í stöðu sinni.“¹²¹

Í upphaflegu kvörtunarbréfi sínu yfir fermingu ungmennanna tveggja vorði áður sagði Jóhann L. Sveinbjarnarson að Guðmundur Ásbjarnarson hefði

¹¹⁵ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landsh. 13. janúar 1904 (eptirrit).

¹¹⁶ Sama stað; ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

¹¹⁷ Sama stað.

¹¹⁸ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landsh. 13. janúar 1904 (eptirrit). Skírning og altarísanga voru hjónavígsluskilyrði fyrir þjóðkirkjufólk út rannsóknartímabilið en fallið hafði verið frá því 1886 fyrir utanþjóðkirkjufólk (þá var skírningarinnar raunar ekki getið). *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 18. (l. nr. 4/1986, 4. gr.); *Stjórnartíðindi* 1917 A, bls. 41. (l. nr. 30/1917, 5. gr.).

¹¹⁹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landsh. 13. janúar 1904 (eptirrit).

¹²⁰ Hjalti Hugason, „Kirkjuleg lýðræðishreyfing — Önnur grein“, bls. 7–12.

¹²¹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landsh. 13. janúar 1904 (eptirrit).

fermt tvo „fáráðlinga“ sem mikið hefði vantað upp á að vera fermingarferir. Hann kvað stúlkuna hafa dvalið hjá sér frá tólf til fimmtán ára aldurs og væri hann sannfærður um að hún væri „fábjáni“. Mótaði þetta orðalag skrif kirkjunnar manna áfram eins og fram er komið. Þrátt fyrir rækilegar tilraunir sínar og „duglegs kennara“ hefði systkinunum aðeins tekist að læra lítið eitt framan af kverinu en skort mjög skilning. Þegar hann synjaði um fermingu barnanna hefði móðirin sagt sig úr þjóðkirkjunni og nokkru síðar hefði hann svo frétt að Guðmundur hefði þegar fermt bæði börnin. Þetta áleit prófasturinn víta-verða óreglu sem á einhvern hátt yrði að reisa skordur við.¹²² Í andmælabréfi sínu við málsvörn Guðmundar árið eftir taldi hann tilgang móðurinnar með úrsögninni beinlínis hafa verið „[...]“ að fá fermingu á fábjánana.“ Ræddi hann og um „[...]“ glundroða þann og óreglu, sem leiddi af óhlutvendni hins núveranda forstöðumanns utanþjóðkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði.“¹²³ Jóhann upplýsti einnig um að meðlags hefði ávallt verið krafist af sveit með börnunum. Systir þeirra, gift kona á Vopnafirði, hefði þó nýlega boðist til að taka stúlkuna meðlagslaust ef hún væri fermd og kvað stúlkuna nú til hennar farna. Þá lét Jóhann fylgja að Guðmundur væri hreppsnefndaroddviti og hefði honum því átt að vera kunnugt um hagi barnanna.¹²⁴ Virðist mega líta svo á að með þessu hafi hann vænt Guðmund um að ætla að spara hreppnum að einhverju leyti útgjöld með því að ferma börnin en þannig opnaðist þeim leið til að ráðast til vistar og þar með að verða e.t.v. að einhverju leyti sjálfbjarga. Kvað Jóhann ferminguna þó engu hafa breytt um framfærslu ungmennanna. Bæði væru þau enn sveitarómagar með töluverðu meðlagi og dvöl stúlkunnar á Vopnafirði hefði orðið skammvinn. Voru ályktunarorð hans um það efni: „Jeg get ekki annað en álitid það hneikslanlega vanbrúkun á fermingarathöfninni, að ferma slík börn sem þessi tvö. Það lítur heldur ekki út fyrir, að þeim gangi betur að „vinna sér brauð“, þó þau sjeu fermd.“¹²⁵ Þá vakti hann og máls á hvort evangelísk-lútherskur utanþjóðkirkjusöfnuður væri ekki bundinn af almennum lögum um ferminguna og þeim skilyrðum sem sett væru um hana hvað varðaði kunnáttu í kristnum fræðum, lestri, skrift og reikningi og hverjum væri ætlað að fylgjast með að skilyrðin væru uppfyllt. Kvaðst hann vekja máls á þessu þar sem Guðmundur Ásbjarnarson teldi sig sem forstöðumann utanþjóðkirkjusafnaðar prófastinum með öllu „óháðan“ og „óbundinn öðru en safnaðarlögum sínum“.¹²⁶

Í málsvörn Guðmundar Ásbjarnarsonar varðandi fermingu ungmennanna tveggja kom fram að móðirin hefði gengið í söfnuð hans rúmum tveimur mánuðum fyrir ferminguna ásamt þremur börnum sínum. Því hefði hann haft fullan rétt til að ferma börnin. Kvaðst hann ekki vita til að hann væri skyldur

¹²² *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann L. Sveinbjarnarson til biskups 10. ágúst 1903 (staðf. eftirrit 22. júní 1904). Í andmælum sínum við vörn G.Á. kallaði prófastur börnin enn „fáráðlinga“ og „fábjána“ og telur hvorugt „með fullu viti“. *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann L. Sveinbjarnarson til biskups 31. maí 1904.

¹²³ Sama stað.

¹²⁴ Við þessa kvörtun hnýtti prófasturinn þeirri athugasemd að G.Á. sem oddviti hefði ásamt meiri hluta hreppsnefndar látið sér sæma að ráða til sveitarkennslu mann sem hann teldi sjálfur „óhæfan í siðferðilegu tilliti“ og hefði hann mótmælt ráðningunni. *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann L. Sveinbjarnarson til biskups 10. ágúst 1903 (staðf. eftirrit 22. júní 1904).

¹²⁵ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann L. Sveinbjarnarson til biskups 31. maí 1904.

¹²⁶ Sama stað.

til að bíða uns „gáfnasljó“ börn hefðu náð níttján til tuttugu ára aldri. Fann hann að því að Jóhann hefði ekki húsvitjað á heimili barnanna tvo síðastliðna vetur og væri hann því ekki fyllilega dómbær á kunnáttu þeirra. Hann kvaðst því þó algerlega sammála að mikið hefði vantað á að þau hafi verið „fermingarfær“. Hann var þó fullviss um að Jóhann væri sér samdóma um að þau hefðu ekki orðið það þótt þeim hefði verið gert að bíða fermingar fram til þrítugs. Þegar svo væri í pottinn búið kvaðst hann álíta

[...] til engra þrifa hvorki fyrir sveitarfélagið eða þjóðfélagið í heild sinni að draga að ferma gáfnasljó börn, og þrengja þeim til lærdóms, sem ekki ber hinn minnsta árangur, en þau að hinu leytinu eru svo gefin að líkamanum, að líkindi eru til að þau geti farið að vinna sjér brauð.¹²⁷

Hér kann að vera að sjónarmið hreppsnefndaroddivitans ráði ekki síður för en safnaðarforstöðumannsins. Frá sjónarhóli sínum sem utanþjóðkirkjumanns kvað Guðmundur þó ekkert hafa verið því til fyrirstöðu að hann fermdi börnin „[...] þar sem það hvorki kom í bága við safnaðarlög mín, nje mína persónulegu sannfærðingu.“¹²⁸

Í lok bréfs síns kvaðst Guðmundur óbundinn af öllum lögum og siðvenjum sem giltu innan þjóðkirkjunnar og vék að þeim ummælum biskups að það gæti valdið glundroða og orðið skaðlegt fyrir embættisverk viðkomandi þjóðkirkjuprests ef fólk hefði alltaf tækifæri til að segja sig úr söfnuði hans. Þetta kvað Guðmundur algerlega gagnkvæmt. Safnaðarfólk hans gæti stöðugt gengið úr söfnuðinum og í þjóðkirkjuna ef því mislíkaði störf hans eða horfði til þess að í þjóðkirkjunni væru greidd lægri gjöld til kirkjumála. Kvað hann þó alls ekki viðeigandi að halda fólki nauðugu í einhverju safnaðarfélagi.¹²⁹

Í umsögn sinni um málsvörn Guðmundar varðandi ferminguna nefndi biskup börnin nú „vitgrönn“. Áleit hann fermingu þeirra eins og á stóð ekki geta hafa orðið annað en „[...] tómtnafn, sem hlyti að skoðast sem misbrúkun eða jafnvel til hneykslis, en ekki miðandi til neinnar uppbyggingar.“¹³⁰ Kvað hann Guðmund gera sóknarprestinum upp skoðanir er hann lét að því liggja að hann hefði talið að halda ætti börnunum til áframhaldandi náms „[...] sem þau höfðu reynzt óhæf til vegna vitskorts [...]“ heldur hefði hann talið þau alls óhæf og að láta hefði átt þau ófermd „[...] til þess að misbrúka ekki ferminguna sem hátíðlega kristilega athöfn.“¹³¹ Þá taldi hann prestinn hafa sýnt fram á að enginn árangur hefði orðið af fermingunni „frá hinu veraldlega sjónarmiði“ sem hann taldi Guðmund hafa keppt að.¹³² Hélt biskup þannig fast við öll þau sjónarmið er komið höfðu fram í upphaflegu bréfi hans en komst þó vægar að orði um börnin og forsendur þeirra.

¹²⁷ *BÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stjr. 20. apríl 1904. Líkt og þegar móðir andvana fædda barnsins átti í hlut taldi prófastur G.Á. fara rangt með tímasetningu úrsagnar úr þjóðkirkjunni en viðurkenndi þó að hún hefði farið fram liðugum mánuði fyrir ferminguna. *BÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann L. Sveinbjarnarson til biskups 31. maí 1904. Úrsagnarbréfið er dags. 2. maí 1902. *BÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Kristín Árnadóttir til prófests 2. maí 1902.

¹²⁸ *BÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stjr. 20. apríl 1904.

¹²⁹ Sama stað.

¹³⁰ *BÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til stjr. 22. júní 1904.

¹³¹ Sama stað.

¹³² Sama stað.

Sumarið 1906 kom aftur til deilna milli Guðmundar Ásbjarnarsonar og þjóðkirkjuprests út af fermingu. Að þessu sinni var um stúlku að ræða sem var sóknarborn Jóns Guðmundssonar (1863–1929) á Skorrastað. Samkvæmt skýrslu hans var stúlkan fjórtán ára frá í apríl en fremur treggáfuð. Hún kundi laklega tíu fyrstu kaflana í „Helgakverri“ en lítið sem ekkert í þeim átta sem á eftir fylgdu. Skilningur hennar var lítill. Í biblíusögum hafði hún lært um það bil hálf tónni úr Gamla testamentinu. Ekki krafðist hann utanbókarlærdóms í þessu efni heldur aðeins að börnin hefðu kynnt sér biblíusögurnar þannig „[...] að þau geti svarað þeim spurningum þar að lútandi, sem ég legg fyrir þau.“¹³³ Þá hafði hún ekki lært fyrirskipaðar altarisgöngubænir. Kunnáttuleysið taldi presturinn ekki stafa af gáfnaskorti heldur frekar þrjósku hennar sjálfar og uppfræðslu- og eftirlitsleysi af foreldranna hálfu. Presturinn hafði rætt við foreldrana sem héldu kennara um sex til átta vikna skeið veturinn 1904–1905. Eftir það gekk stúlkan í barnaskóla. Framfarir hennar voru litlar og taldi kennarinn orsökina vera þá „[...] að heimilið hafi ekki hjálpað skólanum neitt til með aðhald og eptirlit“.¹³⁴ Vorið 1906 tilkynnti prestur foreldrunum að hann treysti sér ekki til að ferma stúlkuna á því ári. Síðan segir að tveimur dögum síðar, eða 7. maí, hafi stúlkan verið send með strandferðaskipinu til Eskifjarðar og verið fermd af forstöðumanni fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði án þess að foreldrarnir eða stúlkan sjálf gengju úr þjóðkirkjunni eða leystu sóknarband. Þremur vikum síðar kom stúlkan svo aftur heim.¹³⁵

Árið eftir gaf maður búsettur á Eskifirði og félagi í fríkirkjusöfnuðinum vottaða yfirlýsingu um að hann hefði fyrir ferminguna tilkynnt sóknarpresti sínum að stúlkan væri vistráðin og til heimilis hjá sér frá krossmessu 1906 og hann þá um leið sagt hana úr þjóðkirkjunni með samþykki foreldra hennar.¹³⁶ Lét Jón Guðmundsson það álit í ljós

[...] að fríkirkju-forstöðumanninum megi alls ekki haldast það uppi að klína fermingu á börn, sem eru alóhæf til fermingar og í annan máta finnst mér það vítavert af honum að sletta sjer inn í verkahring annars manns, eins og hann hefur gjört hjer, fyrir því finn jeg mig knúðan til að kæra nefndan forstöðumann [...] og krefjast þess að hið háa stjórnarráð láti hann sæta tilhlýðilegri ábyrgð fyrir þetta verk hans.¹³⁷

Af þessu tilefni spurði Jón enn fremur hvort honum væri heimilt að taka nefnda stúlku til altaris ef hún bæði um það og jafnvel vígja hana í hjónaband. Hann efaðist sem sé um að ferming hennar hefði nokkurt lögformlegt eða borgaralegt gildi.¹³⁸

Þetta mál kom einnig til kasta Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar sem prófasts. Hann taldi kærana á rökum reista og sendi hana rétta boðleið til biskups um leið og hann lét í ljós það álit sitt að það væri með öllu heimildarlaust og auk þess talsvert bíræfið af forstöðumanninum að ferma barn úr þjóðkirkjusöfnuði

¹³³ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Sóknarprestur til stjr. 27. júní 1906. Sjá og: *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Biskup til stjr. 27. júlí 1906.

¹³⁴ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Sóknarprestur til stjr. 27. júní 1906; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Vottorð Benedikts Þ. Gröndal 15. júní 1906.

¹³⁵ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Sóknarprestur til stjr. 27. júní 1906.

¹³⁶ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Yfirlýsing Guðm. Stefánssonar 18. janúar 1907.

¹³⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Sóknarprestur til stjr. 27. júní 1906.

¹³⁸ Sama stað.

[...] er hann [G.Á.] veit að þetta barn er að álit hlutaðeigandi sóknarprests óhæft til fermingar, eins verð jeg að leggja áherzlu á það, að slík afskipti utanþjóðkirkjuforstöðumanns eru, ef þau líðast, í mesta máta siðspillandi, skadleg og hættuleg og stríðandi mót allri góðri reglu, því að þau ala upp hirðuleysi í barnauppfærðslunni hjá kæríngarlítlum húsbændum og foreldrum, gjöra fríkirkjuna að skálkaskjólí [...] ólöghlýðni og regluleysis, miða til að rýra álit og embættisvald þjóðkirkjuprestanna, verða til að eggja óráðvanda menn til lítulsvirðingar á reglum og fyrirmælum þjóðkirkjunnar, og í einu orði: stríða gegn góðu siðferði og allsherjarreglu.¹³⁹

Tilvitnunin sýnir hvern kvíðboga þeir embættismenn þjóðkirkjunnar sem helst kynntust starfi fríkirkjusafnaða af eigin raun báru fyrir að þeir leystu upp kirkjuskipan landsins. Biskup áframsendi málið til stjórnarráðsins og vísaði um leið til fyrra málsins. Kvað hann þá aðvörun sem Guðmundur hefði þá fengið hafa „[...]“ haft þann árangur sem við mátti búast.“¹⁴⁰ Lét biskup eftirfarandi álit í ljós:

Frá þjóðkirkjunnar sjónarmiði fæ eg ekki betur séð en að ferming umtalaðs barns sé ógild og það verði að skoða sem ófermt þar sem réttan undirbúning og rétta heimild til verksins vantar, og engin víska er um að fermingin sjálf sé framkvæmd að forminu til eftir fyrirmælum þjóðkirkjunnar.¹⁴¹

Af þessu má sjá að biskup hefur litið svo á að einvörðungu ferming að hætti þjóðkirkjunnar gæfi þau borgaralegu réttindi sem fermingu fylgdu. Hún var þó ekki lögboðin fyrir börn utanþjóðkirkjufólks.

Guðmundur Ásbjarnarson var ítrekað krafinn um viðbrögð við fram komnum ásökunum og varð hann loks við því í byrjun árs 1907. Í upphafi benti hann á að bréf eða kæra Jóns Guðmundssonar væri „miður snyrtileg“ í sinn garð og Jóni sjálfum ósamboðin.¹⁴² Tildrögum fermingarinnar lýsir hann svo að fyrstu dagana í maí á liðnu ári hafi maður úr söfnuði hans komið til sín og sagst hafa tekið til ársvistar stúlkubarn af mági sínum, bláfátækum barnamanni, og langað til að fá hana fermda. Hún hefði aldur til þess og væri heldur ekki mjög illa að sér. Bað Guðmundur um að hún yrði send sér til að hann mætti kanna kunnáttu hennar og ganga úr skugga um að hún væri að öðru leyti hæf til fermingar. Spurði hann stúlkuna út úr kveri og biblíusögum, lét hana lesa, skrifa og reikna. Niðurstöðu sína kynnti hann svo:

Fann ég þá þegar að stúlkun var gáfnadauf, þuldi nokkurnveginn það, sem jeg ljet hana fara með utan að, en átti mjög erfitt með að svara spurningum, enda feimin og uppburðalaus, hún reiknaði í löku meðallagi, las og skrifaði í betra meðallagi eptir því sem fermingarborn gjörast. [...] Þó barn þetta væri ekki eins vel að sjer og jeg hefði óskað, fannst mjer þó ekki næg ástæða til að vísa henni frá ferming, einkum þarsem mjer fannst vankunnátta hennar stafa meir af gáfnatregðu en óvilja, og að hún væri „þrjósk“ varð jeg ekki var við.¹⁴³

Tjáði hann húsbónða stúlkunnar að sér þætti hún í lakara lagi að sér til að fermast.¹⁴⁴ Eftir nokkurt samtal gaf hann þó kost á að ferma stúlkuna að því tilskildu að hún gengi til sín daglega fram að fermingu á hvítasunnu, um mánuði síðar, til að hann gæti farið með henni yfir þá hluta kversins er hún væri verst að sér í. Þá gerði hann og að skilyrði að hún gengi til sín einhvern

¹³⁹ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Prófastur til biskups 6. júlí 1906.

¹⁴⁰ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Biskup til stj. 27. júlí 1906.

¹⁴¹ Sama stað.

¹⁴² *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stj. 14. janúar 1907.

¹⁴³ Sama stað.

¹⁴⁴ Sama stað.

hluta næsta vetrar til að hann gæti látið hana lesa biblíusögurnar. Loks kvaðst hann ekki mundu ferma hana nema hún væri sögð úr Þjóðkirkjunni og hefði því skilyrði verið fullnægt löngu áður en fermingin fór fram. Það kvaðst hann þó aðeins hafa gert til varúðar þótt hann hefði sjálfur verið sannfærður um að hann hefði samt sem áður getað fermt stúlkuna vítlaust. Rökstuddi hann það álit svo: „Þetta var verk sem jeg gjörði fyrir einn af sóknarmönnum mínum, sem stúlkan var falin til gæzlu og umsjár af foreldrum hennar. Það var verk sem jeg gjörði fyrir hann en ekki barnið sjálft [...]“. ¹⁴⁵

Guðmundur ítrekaði að honum hefði verið tilkynnt að stúlkan væri ársráðin hjá fríkirkjumanninum, hún verið sögð úr Þjóðkirkjunni og honum tilkynnt um það í tæka tíð. Þá hefði honum ekki verið kunnugt að Jón Guðmundsson hefði vísað henni frá fermingu en það hefði líklega komið í veg fyrir að hann fermdi stúlkuna, jafnvel þótt hann væri ekki sammála mati hans á hæfni hennar til fermingar. Loks kvað Guðmundur stúlkuna hafa horfið aftur heim til sín skömmu eftir ferminguna en taldi það ekki rýra málstað sinn þar sem hann hefði ekki vitað betur en hún væri ráðin til lengri tíma. ¹⁴⁶ Hér kann því að hafa verið um málamyndagjörning að ræða af hálfu ættingja stúlkunnar.

Skýringar Guðmundar Ásbjarnarsonar voru sendar biskupi til umsagnar. Hann kvaðst líta svo á að Guðmundi hefði ekki tekist að færa rök fyrir að hann hefði verið í rétti til að vinna prestsverkið. Hann taldi sýnt að um saman tekin ráð hefði verið að ræða til að „gabba út“ ferminguna. Þá hlyti Guðmundi að hafa verið ljóst að ferminguna bæri ekki undir hann þar sem um „Þjóðkirkjumannabarn“ hefði verið að ræða. Ennfremur benti biskup á að barnið hefði átt að segja úr Þjóðkirkjunni í Norðfirði, sem ekki hefði verið raun á. Raunar taldi hann það heldur ekki hafa verið gert í Reyðarfirði og því væri sá grundvöllur fermingarinnar brostinn. Þá kvað biskup að Guðmundi hefði borið að kynna sér stöðu málsins hjá Jóni Guðmundssyni í stað þess að líta svo á að honum bæri upplýsingarskylda. ¹⁴⁷

Allt fram á rannsóknartímabilið hafði fermingin ýmis borgaraleg réttindi í för með sér og var þar með lykill að félagslegum hreyfanleika einstaklinga: vistráðningu, flutningi milli héraða og stofnun hjúskapar. Það gat því skipt ungmenni, og ekki síður fátæka forráðamenn þeirra, verulegu máli að þau næðu fermingu. Börn fríkirkjufólks hlutu vissulega öll þau réttindi sem fermingunni fylgdu við fjórtán ára aldur án þess að krafist væri að þau fermdust. Athöfnin hafði á hinn bóginn sterka stöðu í samfélaginu á þessum tíma og markaði í raun skil æsku og fullorðinsára. Því hefur verið ríkt í huga fólks að börn fermdust. Svo virðist sem Guðmundur Ásbjarnarson hafi tekið meira tillit til þessara sjónarmiða en embættismenn Þjóðkirkjunnar og hjá honum því gætt mannúðlegri sjónarmiða en hjá þeim. Það kemur og ljóslega fram í því orðfæri sem hann viðhafði um vitsmunalegar forsendur fermingarbarnanna þriggja. Má geta sér þess til að fríkirkjusöfnuðirnir á Austurlandi hafi staðið alþýðunni nær en Þjóðkirkjan gerði. Þjóðkirkjuprestarnir hafa á hinn bóginn vantreyst

¹⁴⁵ Sama stað.

¹⁴⁶ Sama stað.

¹⁴⁷ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Biskup til stj. 25. febrúar 1907.

Guðmundi mjög til að halda uppi því eftirliti sem þeir töldu nauðsynlegt við þau hvörf á mannsævinni sem fermingin hafði í för með sér.

Greftranir

Auk ferminga systkinanna tveggja sem að framan getur var Guðmundur Ásbjarnarson kærður fyrir að jarðsyngja lík sem þjóðkirkjuprestar hefðu réttilega átt að greftra. Í fyrra málinu af tveimur var hann sakaður um að jarða án heimildar andvana fætt barn úr þjóðkirkjunni í kirkjugarði utanþjóðkirkjumanna en móðir barnsins var óánægð með að Jóhann L. Sveinbjarnarson hafði synjað henni um að halda húskveðju yfir barninu. Biskup kvað enga skyldu hafa hvílt á Jóhanni í þessu efni. Venja væri að andvana fædd börn væru aðeins grafin og moldausin í kirkjugarði án allra ræðuhalda.¹⁴⁸ Ljóst er að móðir barnsins lá á sæng þegar atvikið varð og óskaði einhvers konar athafnar sem hún gæti sjálf verið viðstödd en faðir barnsins var fjarverandi vegna vinnu sinnar. Jóhann taldi sýnilega ekki ástæðu til að gera sér ómak af þessu tilefni. Taldi biskup það ekki geta reiknast Guðmundi til málsbóta að móðirin segði sig litlu síðar úr þjóðkirkjunni.¹⁴⁹

Tildrögum að greftruninni lýsti Jóhann L. Sveinbjarnarson svo að haustið 1902 hefði kona úr söfnuði sínum sent sér munnleg skilaboð þess efnis að koma og halda húskveðju yfir barni sínu sem látist hefði stuttu eftir fæðingu. Svo hefði staðið á að eiginmaður hennar, sem var sjómaður, var staddur norður í Eyjafirði. Jóhann kvaðst hafa spurt sendimanninn hvenær barnið hefði fæðst og hvort það hefði þá verið andvana. Kvaðst hann hafa látið á sér heyra að sér „[...] þætti ekki hlýða, að fara svo langan veg til að halda húskveðju yfir andvana barni.“¹⁵⁰ Ekki fékk prófastur úr því skorið hve lengi barnið hefði lifað og fór því hvergi. Daginn eftir barst honum að nýju ósk frá móðurinni að koma og nú til að halda húskveðju og jarðsyngja barnið. Lá nú fyrir að barnið hafði fæðst andvana. Kvaðst prófastur þá hafa sagt sendimanni að hann yrði „[...] heima daginn eptir til að jarðsyngja barnið, og bauðst til að tala yfir kistunni í kirkjunni eða við gröfina.“¹⁵¹ Ekki var komið með líkið en Guðmundur Ásbjarnarson fenginn til að halda húskveðjuna og jarða barnið síðan í grafreit utanþjóðkirkjumanna í Reyðarfirði. Tveimur dögum eftir það hefði Jóhann sjálfur loks fengið bréf frá konunni þar sem hún sagði sig úr þjóðkirkjunni „[...] fyrir það, að jeg hafi tregðast við að halda húskveðju yfir barninu.“¹⁵² Þarna er Jóhann í þeirri stöðu að sækja málið gagnvart Guðmundi og verja um leið sínar eigin gjörðir í málinu. Má því draga trúverðugleika hans í efa. Þó virðist ljóst að hann hafi í engu viljað bregða út af venjum innan þjóðkirkjunnar í tilvikum sem þessum þótt vissulega stæði sérstaklega á þar

¹⁴⁸ Sjá: Jón Pétursson, *Kirkjuréttur*, 2. útg., Reykjavík: [án útg.], bls. 139; Einar Arnórsson, *Íslenskur kirkjuréttur*, Reykjavík: á kostn. höf., 1912, bls. 149.

¹⁴⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Biskup til landsh. 13. janúar 1904 (eptirrit).

¹⁵⁰ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann L. Sveinbjarnarson til biskups 10. ágúst 1903 (staðf. eftirrit 22. júní 1904).

¹⁵¹ Sama stað.

¹⁵² Sama stað; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Jóhann Sveinbjarnarson til biskups 31. maí 1904; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Úrsagnarbréf 14. nóvember 1902.

sem hvorugt foreldrið gat fylgt líkinu til greftrunar og móðurinni var sýnilega mikið í mun að geta kvatt barnið með aðstoð prests síns.

Þegar ljóst varð að Jóhann væri ófáanlegur að koma til verksins hafði móðirin skrifað Guðmundi beiðni um að leysa vanda sinn. Þar koma ástæður hennar skýrt fram. Maður hennar var fjarverandi en hún lá sjálf á sæng eftir barnsburðinn og þráði greinilega að kveðja barnið áður en það væri jarðað. Í bréfinu segir:

Eg er nú að hugsa um að flýja á náðir yðar. Og er það mín ósk og bón til yðar, að þér vilduð gera svo vel og jarðsyngja fyrir mig barnsbein sem ég á.

Eg hef farið þess á leit við prófastinn [...] að hann kæmi heim til mín og talaði fá orð yfir þessum litlu beinum mínum mér til ánægju, um leið og þau eru borin burt.

Enn hann hefur neitað því.

Högum mínum er þannig varið að maðurinn minn er norður í Eyjafirði. Og svo er eg svo lasin að eg treysti mér ekki til að fara út að Hólmum.

Og vonast eg svo góðs til yðar að þér hafið ekki á móti því að lofa mér að láta leggja blessuð beinin mín í Fríkirkjugrafreitinn. Þó eg sé í Þjóðkirkju. Eða hafi verið til þessa tíma.

Ef þér verðið við bón minni, sem eg hef örugga von um; langar mig til að láta jarða á þriðjudaginn þann 11. þ.m. ef gott veður verður, eða þá hvern næsta dag góðann. Og umfram alt langar mig til að biðja yður að koma heim til mín og tala fá orð.¹⁵³

Nokkrum dögum síðar lýsti konan svo yfir að hún gengi úr Þjóðkirkjunni en í fríkirkjusöfnuðinn í Reyðarfirði. Úrsögnin verður að skoðast óformleg, t.d. kemur ekki fram hvert henni var beint.¹⁵⁴

Guðmundur Ásbjarnarson taldi að ummæli biskups um að hann hefði „slett sér inn í embættisverk“ Hólmaprests óviðurkvæmileg í embættisbréfi, þá væru áskanirnar ekki á rökum reistar og allt sem mögulegt var væri tínt til. Hvað jarðarför barnsins áhrærði kvað Guðmundur móðurina hafa sagt sig skriflega inn í söfnuð sinn og hann því verið beinlínis skyldur til að vinna prestsverkið fyrir hana. Hann kvaðst vissulega ekki getað fullvissað sig um að konan hefði þegar verið búin að segja sig úr Þjóðkirkjunni er hún gekk í söfnuðinn né hverjar ástæður hennar hefðu verið fyrir því en hún væri nú flutt norður í land. Á hinn bóginn ítrekaði hann að tilfinningar manna væru margvíslegar, sérstaklega eins og á stóð fyrir þessari konu og þær bæri að virða, bæði hjá lágum sem háum.¹⁵⁵ Hefur honum líklega fundist töluvert skorta á það hjá fyrrum sóknarpresti konunnar.

Nokkrum árum síðar, eða 1909, komu að nýju upp aðstæður sem gerðu að verkum að Guðmundur tók til varna fyrir sig gagnvart stjórnarráðinu í þessu máli. Kvaðst hann þá hafa hafnað beiðninni í fyrstu þar sem konan væri í Þjóðkirkjunni. Þar sem húskveðjan hefði verið henni kappsmál hefði hann loks gefið kost á athöfninni með því móti að hún gengi úr kirkjunni „[...] sem hún og gjörði og tók ég það skriflegt af henni áður en jeg gjörði verkið.“¹⁵⁶ Guðmundur vísaði til þess að stjórnarráðið hefði vítt þessa gjörð hans vegna þess að það teldi sannað að konan hefði ekki sagt sig úr Þjóðkirkjunni fyrr en tveimur dögum eftir jarðarförina.¹⁵⁷ Undraðist hann hvernig stjórnarráðið gat álitid það hafið yfir grun. Með bréfinu sendi hann úrsagnaryfirlýsingu konunnar

¹⁵³ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. [Sigríður Jónsdóttir] til Guðmundar Ásbjarnarsonar 9. nóvember 1902.

¹⁵⁴ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Yfirlýsing Sigríðar Jónsdóttur 14. nóvember 1902.

¹⁵⁵ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stj. 20. apríl 1904.

¹⁵⁶ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stj. 16. október 1909.

¹⁵⁷ *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stj. 16. október 1909.

ar sem hann kvað a.m.k. sanna að hún hefði sjálf ekki talið sig vera í þjóðkirkjunni þegar hann jarðaði barnið. Kvað hann sér kunnugt um að hún hefði einnig skrifað sóknarpresti sínum um úrsögnina án þess þó að vita hvenær úrsögnin hefði borist honum. Taldi hann sig því sýknan af kærinni.¹⁵⁸

Sumarið 1906 tilkynnti Jóhann L. Sveinbjarnarson síðan að Guðmundur Ásbjarnarson hefði haustið áður jarðað norskan sjómann í grafreit fríkirkjumanna. Taldi hann Guðmundi hafa verið þetta óheimilt og væri honum kunnugt um það álit sitt.¹⁵⁹ Biskup var sammála álitu prófasts þar sem maðurinn hefði ekki verið í söfnuði Guðmundar. Hann kvað sér þó kunnugt að Norðmanninum hefði verið komið fyrir í veikindunum sínum á utanþjóðkirkjuheimili og hann andast þar.¹⁶⁰ Að mati biskups og prófasts heyrði útförin, sem og greiðsla fyrir hana, samt undir þjóðkirkjuprestinn á staðnum. Biskup kvaðst ekki geta „[...] bundist þess að láta í ljós undrun [sína] yfir þeirri dirfsku forstöðumannsins sem kemur fram í ítrekaðri tilhlutun hans um embættisverk, sem ekki bera undir hann og það þrátt fyrir nýlega fengna áminningu.“¹⁶¹ Taldi biskup Guðmund augljóslega telja litla hættu á að hann yrði sviptur konunglegri staðfestingu sinni þótt nokkur misferli kæmu við og við fyrir hjá honum.

Varðandi útför Norðmannsins kvað Guðmundur Ásbjarnarson að hvorki sér né Jóhanni prófasti hefði verið kunnugt um hvort maðurinn hefði verið í þjóðkirkjunni en taldi þó víst að hann hefði ekki verið skráður í manntal Hólmaprestakalls. Kvaðst hann á hinn bóginn vita að prófastur myndi hengja hatt sinn á „[...] að það sju forrjettindi þjóðkirkjunnar að skoða alla sína safnaðarlími, hvaðan sem þeir koma að, og hverrar þjóðar sem þeir eru, ef þeir ekki beinlínis gefa til kynna hið gagnstæða [...].“¹⁶² Sjómanninn kvað hann að vísu hafa verið ráðinn um skamman tíma hjá þjóðkirkjumanni sem þó hefði beðið fríkirkjumann að annast um hann í banalegunni sem og að sjá um útförina að öllu leyti. Því kvaðst hann hafa verið í fullum rétti.¹⁶³

Í umsögn sinni um málsvörn Guðmundar kvað biskupinn ekkert hafa komið í veg fyrir að sóknarpresturinn hefði verið beðinn um að jarða manninn og kynni það að hafa verið ætlan húsbónda hans. Benti biskup á orðalag í 15. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn sem kvað á um að prestum þeirra væri heimilt að „[...] jarðsyngja og moldausa [...] lík safnaðarlíma sinna“ en það hafi sjómaðurinn ekki verið.¹⁶⁴ Biskup hreyfði þeirri hugmynd að vert væri að fá sum atriði málsins betur upplýst með opinberri rannsókn þar sem mönnum bæri ekki saman um málið. Hann fór þó ekki fram á það og stillti sig um að senda umsögn Guðmundar til prófasts til umsagnar.¹⁶⁵

Viðbrögð þeirra Guðmundar Ásbjarnarsonar og Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar við beiðni móður andvana fædda barnsins virðast staðfesta þá mynd sem dregin var upp varðandi fermingarnar hér framar. Viðbrögð Guðmundar sýnast bera vitni um meiri mannúð en hjá Jóhanni, sem virðist aftur á móti

¹⁵⁸ Sama stað.

¹⁵⁹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Prófastur til biskups 6. júlí 1906.

¹⁶⁰ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Biskup til stj. 27. júlí 1906.

¹⁶¹ Sama stað.

¹⁶² ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stj. 14. janúar 1907.

¹⁶³ Sama stað.

¹⁶⁴ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Biskup til stj. 25. febrúar 1907.

¹⁶⁵ Sama stað.

hafa stjórnast af meiri form- og reglufestu. Torvelt er að sjá að afstaða Jóhanns í síðara málinu hafi ráðist af öðru en hagsmunum, þ.e. rétti til aukaverka-greiðslu. Staðfestir það þetta mat.

Málalyktir

Í febrúar 1904 komst heimastjórn á í landinu og tók nýstofnað stjórnarráð þá við verkefnum landshöfðingja. Það kom því í þess hlut að úrskurða í deilunum um prestsverkin. Afskipti þess af máli Guðmundar Ásbjarnarsonar hófust með því að settur landritari og settur skrifstofustjóri fyrstu skrifstofu (dóms- og kirkjumálaskrifstofu) sendu Guðmundi kæru biskups frá 1904 um fermingu systkinanna tveggja og greftrun andvana fædda barnsins, auk vanrækslu á skýrsluskilum (sjá framar) til umsagnar.¹⁶⁶ Svör hans voru síðan send biskupi, sem áframsendi þau til prófasts, sem að sínu leyti brást við með svari til biskups, sem kom svarinu til stjórnarráðsins í júní. Málið gekk því rétta en langa boðleið innan kerfisins. Lét biskup það álit sitt í ljós við þetta tækifæri að vörn Guðmundar væri mjög „ónóg og veik“ og haggði engu af því sem honum hafði verið gefið að sök, auk þess sem skýrsla prófasts og gögn sem henni fylgdu sýndu að Guðmundur færi ekki að öllu leyti með rétt mál í málsvörn sinni. Biskup hélt því fast við fyrri ósk sína um að yfirvöld hlutuðust til um brot Guðmundar.¹⁶⁷

Guðmundur Sveinbjörnsson stjórnarráðsfulltrúi fylgdi, líkt og hann var vanur, afstöðu biskups. Hefur hann e.t.v. talið sig skorta umboð til að taka sjálfstæða afstöðu til þeirra kirkjulegu málefna sem fyrir lágu hverju sinni og álitnið hlutverk sitt aðeins vera að draga saman efni þeirra gagna sem fyrir hendi voru og oft voru erindi frá próföstum og umsagnir biskups, eins og í þessu máli. Hann taldi sem sé að með fermingu „hinna tveggja fátækinga“ hefði nafni hans Ásbjarnarson brotið freklega gegn lögum um ferminguna. Studdi hann það þeim rökum að ráða mætti af ummælum prófasts um andlegt ástand ungmennanna að ekki hefði tekist að veita þeim uppfræðingu sem nokkru næmi, auk þess sem víst mætti telja að þau hefðu ekki skilið gildi fermingarinnar. Hefði Guðmundur Ásbjarnarson enda viðurkennt að hann hefði fermt börnin strax þar sem ekki væri von um framför hjá þeim. Taldi stjórnarráðsfulltrúinn að kirkjulega séð hefði verið um misbrúkun fermingarinnar að ræða, auk þess sem lög hefðu verið brotin.¹⁶⁸ Hér tók fulltrúinn því undir með biskupi, þ.e. að forstöðumenn fríkirkjusafnaða væru bundnir af sömu lögum og reglum og þjóðkirkjuprestar ef hinir fyrrnefndu á annað borð fermdu börn.¹⁶⁹ Samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjufólk var á hinn bóginn ekki krafist að fríkirkjusöfnuðir viðhefðu fermingu. Allir söfnuðirnir virðast þó hafa gert það (sjá fyrri grein) enda fermingin rötgróinn síður í íslenska

¹⁶⁶ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Stjr. til Guðmundar Ásbjarnarsonar 13. febrúar 1904.

¹⁶⁷ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

¹⁶⁸ Sama stað.

¹⁶⁹ Sjá: *DÍ*. Bps. 1994 E/1. Bréfabók biskups 1910. Biskup til Runólfs Runólfssonar 27. apríl 1910. Þar mælti Þórhallur Bjarnarson með þessu fyrirkomulagi en setti aðeins fram sem ósk eða ábendingu.

samfélaginu. Líklega hefur fríkirkjufólk þó talið sig óbundið af venjum og viðmiðum þjóðkirkjunnar í því efni sem öðrum.

Í lok álitargerðar Guðmundar Sveinbjörnssonar er ómerkt áritun stjórnarráðsmanns, sem af annarri athugasemd má ráða að hafi verið gerð af Jóni Magnússyni, settum skrifstofustjóra dóms- og kirkjumálaskrifstofunnar og síðar forsætisráðherra. Þar kemur fram að hann áleit ekki að Guðmundur Ásbjarnarson hefði brotið lög eða reglur um ferminguna þar sem þau ákvæði sem giltu um hana ættu ekki við fríkirkjufólk. Vísaði hann í því efni til 11. gr. laga um utanþjóðkirkjufólk en þar voru börn þess undanþeginn fermingu og fræðslu í kristnum fræðum í almennum skólum sem fór fram á lútherskum grunni. Klemens Jónsson taldi ferminguna vissulega þyngsta brotið sem Guðmundur væri gefið að sök „frá kristilegu sjónarmiði“ og áleit að það hefði reynst þjóðkirkjupresti dýrkeypt. Vegna áritunar Jóns Magnússonar kæmi á hinn bóginn ekki til álita að áminna hann.¹⁷⁰

Prófastur og biskup litu, eins og fram er komið, svo á að Guðmundur Ásbjarnarson hefði farið inn á verksvið Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar sem sóknarprests. Leit biskup þetta svo alvarlegum augum að til greina kæmi að svipta hann starfsheimild sinni. Guðmundur Sveinbjörnsson stjórnarráðsfulltrúi taldi brot nafna síns í öllum kærutritunum þremur frá 1904, greftrun andvana fædda barnsins, fermingu ungmennanna tveggja, auk tafa á skýrslugjöf, alvarleg og að þjóðkirkjuprestar hefðu verið látnir sæta allþungri refsingu fyrir slík brot. Hann áleit á hinn bóginn ekki lagaheimild fyrir að sekta fríkirkjupresta fyrir brot í starfi og því kæmi aðeins til greina að áminna þá og hóta þeim þar með sviptingu á staðfestingu þeirra sem forstöðumenn safnaða eða svipta þá henni tafarlaust. Áleit hann það ekki geta talist óréttlátt að grípa þegar til síðara úrræðisins þar sem brotin hefðu verið margs konar og sum endurtekin, þ.e. vanrækslan við skýrsluskilin. Þá leit hann svo á að Guðmundur væri tæpast hæfur til starfs síns, eins og fram er komið.¹⁷¹ Þar sem hann hefði þó ekki verið kærður áður taldi hann rétt að láta áminningu nægja. Þrátt fyrir það sem framar segir um álitargerðir Guðmundar stjórnarráðsfulltrúa hefur hann því litið svo á að honum bæri að koma með tillögur um málsmeðferð og viðurlög í þeim erindum sem honum bárust.

Klemens Jónsson, settur landritari, var þeirrar skoðunar að Guðmundur Ásbjarnarson hefði ekki sýnt vítavert athæfi varðandi greftrun andvana fædda barnsins. Þvert á móti taldi hann prófast hafa komið ómannúðlega fram við móðurina. Benti hann á að í lögum um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 væri ekkert kveðið á um hvenær úrsögn úr þjóðkirkjunni tæki gildi. Í frumvarpi að lögnum hefði verið miðað við þann tíma er hún kæmi í hendur hlutaðeigandi þjóðkirkjupresti en því hefði verið sleppt í lögnum sjálfum. Hann taldi þó ekki hægt að veita Guðmundi þunga áminningu vegna greftrunarinnar.¹⁷²

Hannes Hafstein úrskurðaði loks í málunum í árslok 1904. Brýndi hann fyrir Guðmundi Ásbjarnarsyni að ekki mætti taka fólk inn í utanþjóðkirkjusöfnuð

¹⁷⁰ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Ódags. áritun Kl.J. á [álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

¹⁷¹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. [Álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

¹⁷² *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Ódags. áritun Kl.J. á [álitsgjörð] G.S. 15. nóvember 1904.

nema það hefði áður sagt sig úr þjóðkirkjunni. Bæri forstöðumönnum því að fá úrsögn staðfesta áður en þeir skráðu fólk í söfnuð sinn. Þetta hefði Guðmundi ládst í sambandi við greftrun barnsins. Virðist þetta raunar brjóta í bága við þá aðferð sem viðhöfð skyldi við trúfélagaskipti ef þau áttu að leiða til gjaldfrelsis gagnvart þjóðkirkjunni en þá urðu sóknarprestar að fá í hendur staðfestingu á að viðkomandi hefði þegar gengið í utanþjóðkirkjusöfnuð með staðfestan forstöðumann enda var gjaldfrelsi bundið við slíka inngöngu (sjá fyrri grein). Á hinn bóginn leit ráðherra svo á að fermingarathöfn hjá utanþjóðkirkjumönnum gæti ekki skoðast öðruvísi en sem kirkjusiður án nokkurrar veraldlegrar þýðingar. Því virtist framkvæmd hennar yfirvöldum óviðkomandi nema brotið væri svo gegn velsæmi að varði við hegningarlög en það ætti ekki við í tilfalli Guðmundar. Í úrskurðinum kom einnig fram að hvorki prófastur né biskup hefðu tilsjón eða boðvald yfir forstöðumanninum. Þetta prestsverkamál var svo útkljáð um leið og ákæran um skýrsluskilin þannig að Guðmundur Ásbjarnarson var fremur varaður við en áminntur.¹⁷³

Í stjórnarráðinu tók Guðmundur Sveinbjörnsson að venju saman álitsgjörð sem fjallaði bæði um fermingu stúlkunnar úr Norðfirði og greftrun sjómannsins 1906. Leit hann svo á að ráðning fermingar barnsins í ársvist í Reyðarfirði hefði verið „próforma“ gjörningur og að úrsögn þess úr þjóðkirkjunni að líkindum ekki verið formleg. Þá vísaði hann til fyrri kæru á hendur Guðmundi Ásbjarnarsyni fyrir fermingu systkinanna úr Hólmaprestakalli, sem og niðurstöðu stjórnarráðsins í því máli, en þá hefði verið viðurkennt að reglur sem giltu í þjóðkirkjunni um fermingarundirbúning ættu ekki við í utanþjóðkirkjusöfnuðum. Því hefði fermingin ekki bakað Guðmundi neina ábyrgð. Varðandi greftrun sjómannsins taldi Guðmundur Sveinbjörnsson nafna sinn Ásbjarnarson hafa brotið gegn 15. gr. laganna um utanþjóðkirkjufólk þar sem Norðmaðurinn hefði ekki verið í söfnuði hans. Nokkur málsbót væri þó að hann hafi látist á heimili utanþjóðkirkjumanns sem hefði staðið fyrir útförinni, auk þess sem hinn látni hefði heldur ekki verið í neinum þjóðkirkjusöfnuði. Ályktun hans var þessi:

Þótt Guðmundur Ásbjarnarson hafi áður verið áminntur og aðvaraður sökum ólöglegrar framkomu hans sem forstöðumanns, og þótt það sje sýnilegt, að hann hirðir lítt um að vanda framkomu sína, virðist mjer þó reynandi að veita honum enn áminning útaf þessu broti hans. Þar sem fyrra kærutriðið [þ.e. fermingin — innsk. HH] er ósannað, og hið síðara eptir atvikum eigi virðist mjög stórvægilegt, væri máské full hart nú þegar að svipta hann staðfestingunni, en tjá mætti honum það, að hann geti eigi búist við að halda staðfestingunni, ef það komi fyrir í þriðja sinn að hann sje kærður og geti eigi rjettlætt sig.¹⁷⁴

Virðist stjórnarráðsfulltrúinn í þessu efni hafa nokkuð meiri þolinmæði með nafna sínum en í fyrri málunum enda hafði honum enn ekki verið veitt formleg áminning. Öðrum sem að málinu komu í stjórnarráðinu virtist nægja að láta þess getið að Guðmundi hefði ekki verið heimilt að jarðsyngja sjómanninn án þess að hnýta þar við nokkurri áminningu eða aðvörun.¹⁷⁵

¹⁷³ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/116-11. Bréfasafn. Stjr. til Guðm. Ásbjarnars. 6. desember 1904.

¹⁷⁴ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Álitsgjörð G.S. 28 maí 1907.

¹⁷⁵ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Áritanir J.M., Kl.J. og H.Hafst. 29. maí 1907 á álitsgjörð G.S. 28. maí 1907.

Úrskurður lá loks fyrir í nóvember 1907. Þar kemur fram að Guðmundur var talinn hafa brotið gegn 15. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn þar sem sjómaðurinn hefði ekki verið skráður í söfnuði hans. Í hinu kæruatriðinu var talið að ekki lægju fyrir nægilegar upplýsingar um fermingu stúlkunnar úr Norðfjarðarprestakalli til að séð yrði hvort þar hefði einnig verið um brot að ræða þar sem fyrirbyggjandi gögn sýndu ekki fyllilega hvort telja hefði átt hana í þjóðkirkjunni eða utan hennar þegar fermingin fór fram. Var Guðmundi tilkynnt þetta til leiðbeiningar. Loks brýndi stjórnarráðið alvarlega fyrir Guðmundi að gæta takmarka þeirra sem honum voru sett sem forstöðumanni utanþjóðkirkjusafnaðar.¹⁷⁶

Varðandi þessa niðurstöðu sagði Guðmundur Ásbjarnarson síðar varðandi greftrunina:

Jeg hef athugað þetta, en get ekki sjæð, að grein þessi útiloki, að utanþjóðkirkjuprestur megi jarða lík annara en sinna eigin safnaðarlíma í grafreitum sínum ef svo ber undir, ef svo væri mætti hann ekki jarðsyngja lík utanþjóðkirkjumanns úr öðrum utanþjóðkirkjusöfnuði [...] en hver ætti þá að hafa rjett til að fremja athöfnina? Varla þjóðkirkjupresturinn heldur, báðir eru að líkindum jafnrjett háir fyrir lögunum. [...] Það er aðeins eitt sem jeg get sjæð að þessi umrædda grein útiloki, og það er það, að þjóðkirkjuprestar eða söfnuðir þeirra geti amast við, að utanþjóðkirkjuprestur jarði lík safnaðarlíma sinna í grafreit þjóðkirkjunnar, ef æskt er, og þeir að öðru leiti fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru þar að lútandi. Það er að minnsta kosti mergurinn málsins í þeirri grein, en ekki hitt, að banna utanþjóðkirkjupresti, að jarða önnur lík en safnaðarlíma sinna í grafreit safnaðar síns, en hitt er annað, að líklegt er að þjóðkirkjupresturinn geti að lögum krafist líksöngseyris sjer til handa og legkaups kirkjunnar, ef sá sem jarðaður er eða aðstandendur hans, hefur talist þjóðkirkjunnar.¹⁷⁷

Ekki hafa fundist dæmi um sambærilega árekstra milli annarra forstöðumanna fríkirkjusafnaða og þjóðkirkjunnar enda hafði Guðmundur Ásbjarnarson þá sérstöðu að vera síður mótaður af hefðum og viðhorfum þjóðkirkjunnar en þeir. Því er líklegt að á því tímabili sem hann gegndi forstöðumannsstörfunum hafi mismunur þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaðanna haft meiri áhrif en þegar aðrir söfnuðir áttu í hlut. Þjóðkirkjan var formleg stofnun sem skipulagði starf sitt í lögformlegum sóknum og prestaköllum. Bar sóknarbörnunum að leita þjónustu í heimasókn sinni væri þess nokkur kostur og ekki síst þegar um prestsverk með borgaralegar lögfylgjur var að ræða, einkum fermingu og hjónavígslu. Einnig áttu viðkomandi sóknarprestarnir rétt á að vinna prestsverkin eða að minnsta kosti að taka við greiðslum fyrir þau. Fríkirkjusöfnuðirnir voru aftur á móti frjáls félagasamtök og hefur prestum þeirra líklega verið eiginlegra að svara kalli safnaðarfólks og jafnvel annarra en síður séð ástæðu til að fylgja nákvæmum fyrirmælum þjóðkirkjunnar um hverjum „bar“ verkið.

Athuginin hefur leitt í ljós að nokkuð skiptra skoðana gætti milli embættismanna kirkju og ríkis um embættisfærslu Guðmundar. Kirkjunnar menn litu málin sýnu alvarlegri augum en veraldleg yfirvöld. Guðmundur stjórnarráðsfulltrúi byggði þó drög sín að úrskurðum alla jafna á sjónarmiðum biskups. Voru það skiljanleg vinnubrögð af hans hálfu þar sem umsagnir biskups voru formlegustu gögnin sem hann hafði í höndum og yfirmenn hans gátu breytt afgreiðslum hans á síðari stigum ef þurfa þótti. Skiljanlegt er að prestum hafi þótt fermingarnar þrjár sem deilt var um grafa undan störfum sínum og að

¹⁷⁶ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Stjr. til Guðm. Ásbjarnars. 22. nóvember 1907.

¹⁷⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/24-4. Bréfasafn. Guðm. Ásbjarnars. til stjr. 16. október 1909.

Guðmundi hafi borið að gæta sem líkastra krafna og gerðar voru í Þjóðkirkjunni ef hann á annað borð fermdi börn. Börn úr söfnuði hans voru aftur á móti undanskilin fermingu og öðluðust full borgaraleg réttindi við fjórtán ára aldur án hennar. Athyglisvert er á hinn bóginn hversu hart þeir sóttu að Guðmundi vegna greftrananna. Í þeim málum er líklegast að hann hafi hitt naglann á höfuðið er hann gefur í skyn að óánægjan sé spröttin af tekjumissi en greiðslur fyrir prestsverk voru hluti af lögboðnum tekjum presta. Báru þeim þessi gjöld frá sóknarbörnum sínum þó svo að aðrir ynnu verkin.¹⁷⁸ Ýmsar ástæður geta hafa legið fyrir hinum umdeildu embættisverkum Guðmundar. Má þar nefna viðleitni til að gera söfnuð sinn og sig sjálfan sem óháðastan Þjóðkirkjunni, sem og frjálslægri lagatúlkun en tíðkaðist í kirkjunni. Þá er til þess að taka hve fáorð og óskýr lögín um utanþjóðkirkjufólk frá 1886 voru um störf fríkirkjupresta. Loks gætu persónulegri ástæður valdið nokkru, svo sem fljótferni og/eða ónákvæmni af hendi Guðmundar. Ekki verður þó framhjá því horft að hjá honum virðist hafa gætt meiri mannúðar en þeim prestum sem honum helst laust saman við og þá einkum Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni.

Lokaorð

Hér hefur ljósi verið varpað á samskipti Þjóðkirkjunnar og lúthersku fríkirkjusafnaðanna sem hér voru stofnaðir fyrir 1915, einkum á því sviði sem líta má á sem „daglegt starf“. Rannsóknin leiddi í ljós að sambúðin var að mestu leyti friðsamleg. Kom það ekki síst fram í viðleitni af hálfu fríkirkjusafnaðanna að samnýta þær bjargar sem til staðar voru til kirkjustarfs á hverjum stað. Er þar átt við kirkjur og kirkjugarða en einnig mannafla. Þjóðkirkjan sýndi almennt samstarfsvilja í þessu efni þegar um kirkjur var að ræða þó að því tilskildu að Þjóðkirkjufólk sæti ávallt fyrir um notkun kirkjunnar, að fríkirkjusöfnuðirnir greiddu fyrir afnotin og að eignarhald kirkna gæti aldrei færst yfir til fríkirkjusafnaða. Snemma á rannsóknartímanum var því aftur á móti hafnað að Þjóðkirkjuprestur gæti þjónað utanþjóðkirkjufólki. Í lok þess þjónaði fríkirkjuprestur aftur á móti Þjóðkirkjusöfnuði ásamt sínum eigin um stundar sakir. Samstarf af þessu tagi var átakalítið þar sem söfnuðirnir störfuðu allir á sama játninga-grunni og Þjóðkirkjan.

Þrátt fyrir þetta kom til ýmiss konar árekstra og deilna milli þessara tveggja ólíku fyrirbæra innan „trúarstofnunarinnar“ í landinu, Þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaðanna. Sögðu deilurnar einkum til sín á Austurlandi enda mynduðust fyrstu fríkirkjusöfnuðirnir þar en ætla má að fremur hafi dregið úr spennu eftir því sem meiri festa komst á starf safnaðanna og þeir urðu að þekktari stærð. Fyrst sauð upp úr milli prestanna tveggja í Reyðarfirði, Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar prófests og Lárusar Halldórssonar fríkirkjuprests, undir lok starfstíma þess síðarnefnda í héraðinu. Langvinnastar urðu þó deilurnar í starfstíð Guðmundar Ásbjarnarsonar, eftirmanns Lárusar. Embættisfærslur hans reyndu í nokkrum tilvikum verulega á mörkin milli fríkirkjusafnaðanna

¹⁷⁸ Prestum sem urðu fyrir tekjutapi vegna starfa fríkirkjupresta var oft bætt það upp. Landstjórnin undirgekkst þó ekki að bæta upp tekjutap vegna „aukaverka“. *Bf.* Bps. CIII: 61. Bréfabók biskups 1890–1891. Biskup til Daníels Halldórssonar 11. september 1891.

og þjóðkirkjunnar og þóttu grafa undan starfi hennar þegar um fræðslu og fermingar var að ræða. Í deilum þessum braut á mismunandi eðli þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaðanna. Kirkjan var lögformleg stofnun með skýr sókna- og prestakallamörk og gagnkvæmar skyldur sóknarprests og sóknarbarna. Fríkirkjusöfnuðirnir voru á hinn bóginn félagasamtök sem var síður eiginlegt að haga störfum sínum eftir landfræðilegum markalínum eða öðrum formsatriðum. Að nokkru leyti hafa deilurnar þó að öllum líkindum átt sér veraldlegri skýringu og snúist um aukaverkagreiðslur. Þá snerust þær að nokkru leyti um það hvort prófastur í þjóðkirkjunni gæti skoðast sem „yfirvald“ gagnvart Guðmundi hvað varðaði skýrslur og upplýsingagjöf. Prófasturinn gekk aftur á móti á þetta lag og krafðist meiri innsýnar í safnaðarstarfið en lög og fyrirmæli gerðu ráð fyrir. Guðmundur hafði þá sérstöðu í hópi fríkirkjuforstöðumanna að vera hvorki prestsmentaður né vígður. Hefur það vísast valdið því að honum hafi verið ótamara eða óljúfara en hinum að semja sig að starfsvenjum þjóðkirkjunnar.

Þótt líta megi svo á sambúð þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaða hafi almennt verið friðsamleg þegar fram liðu stundir ber að skoða þá niðurstöðu í víðara samhengi. Á fyrri stigi rannsóknarinnar var sýnt fram á hvernig kirkjunnar mönnum tókst að vísu á löngum tíma og í samvinnu við veraldleg stjórnvöld að fella fríkirkjusöfnuðina í veigamiklum atriðum að grunnskipulagi og rekstrarháttum þjóðkirkjunnar. Kom þetta fram í að fríkirkjusöfnuðunum voru mörkuð skýr landfræðileg starfssvæði sem almennt miðuðust við sókna- og prestakallaskiptingu þjóðkirkjunnar. Þó kom fyrir að farið væri eftir forsendum fríkirkjufólksins og þá tiltekið hvaða einstakar bújarðir féllu innan starfssvæðisins, eins og gert var þegar útmörk fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík voru mörkuð uppi í Mosfellssveit.

Einnig var fríkirkjusöfnuðunum gert að hlíta reglum um trúfélagaskipti og gjaldtöku sem alfarið mótuðust af hagsmunum þjóðkirkjunnar. Samkvæmt lögnum frá 1886 skyldi það utanþjóðkirkjufólk sem gekk í fríkirkjusöfnuð sem naut þjónustu löggilts forstöðumanns vera að mestu gjaldfrjálst gagnvart þjóðkirkjunni frá 1886 og að fullu frá 1904. Skilyrðin fyrir gjaldfrelsinu voru þó þyngd nokkuð 1909 er kveðið var á um að það skyldi háð því að fólk greiddi aldrei lægri upphæð til safnaðar síns en því hefði borið að greiða í þjóðkirkjunni. Þá reyndu kirkjunnar menn að sjá til þess að gjöld til kirkjunnar yrðu heimt af fríkirkjufólki ef hlé varð á þjónustu prests/forstöðumanns meðal þess eða ef það fluttist út af starfssvæði safnaðar síns þótt fríkirkjusöfnuður væri einnig á nýja staðnum.

Afstaða þjóðkirkjunnar á ofangreindum sviðum mótaðist af ótta presta á áhrifasvæðum fríkirkjusafnaða við tekjurýrnun, sem og áhyggjum þeirra og sóknarnefnda við óvissu um rekstur sóknarkirknanna. Einnig hræddust kirkjunnar menn að óheftur möguleiki fólks á að ganga í fríkirkjusöfnuð veikti þjóðkirkjuna og embættismenn hennar í að halda uppi eftirliti og aga jafnvel svo mjög að kirkjuskipan landsins yrði stefnt í hættu.

Lög um utanþjóðkirkjumenn frá 1886 renndu vissulega styrkari stöðum undir starf fríkirkjusafnaða í landinu en áður. Lögin voru þó rúm og skapa þurfti verklag við beitingu þeirra m.a. á fyrrgreindum sviðum. Kallaði þetta á

stjórnvaldsúrskurði sem jafnan voru undirbúnir með því að leita umsagnar biskups sem þannig þjónaði sem ráðgjafi veraldlegra stjórnvalda í kirkjumálum. Virðist þetta hafa orkað tvímælis með tilliti til þess trúfrelsis sem þó var komið á í landinu og sýnir að kirkjan í landinu var fremur ríkis- en þjóðkirkja. Ráðgjafarhlutverk biskups sýnir ótvírætt að sú kirkjulega lýðræðishreyfing sem hér er álitin hafa komið fram í flestum fríkirkjusöfnuðunum náði ekki að verða óháð þjóðkirkjunni.

Flestir fríkirkjusöfnuðirnir sem stofnaðir voru á tímabilinu hurfu eftir skamman tíma. Í flestum tilvikum höfðu baráttumál þeirra þá verið leyst og þeir því náð markmiðum sínum. Tveir söfnuðir á suðvesturhorni landsins lifa þó enn góðu lífi. Þar varð kirkjulega lýðræðishreyfingin félags- og stétta- pólitískari en annars staðar og kann það að hafa fleytt söfnuðunum áfram þar til þeir höfðu öðlast nægilega stofnunarlega festu til að starfa áfram eftir að helstu baráttumálum þeirra hafði verið náð. Eftir 1915 varð langt hlé á stofnun lútherskra fríkirkjusafnaða. Kirkjulega lýðræðishreyfingin á rannsóknartímabilinu er því afmarkað — en þó merkt — fyrirbæri í kirkjusögu landsins.

Þessi rannsókn hefur leitt í ljós að hefðbundin fríkirkjuleg sjónarmið, svo sem aðskilnaður ríkis og kirkju, höfðu ekki mikil áhrif meðal safnaðanna sem stofnaðir voru á rannsóknartímanum þegar störfum Lárusar Halldórssonar í Reyðarfirði og síðar Reykjavík sleppti. Raunverulegur fríkirkjuandi náði þó að þróast meðal þeirra safnaða sem haldið hafa velli allt til þessa. Nærtæk skýring á því virðist sú að þar sé um að ræða eðlileg viðbrögð safnaðanna við yfirþyrmandi sambúð við þjóðkirkjuna sem sýndi ríkan vilja til að steypa þá í sitt form á helsta mótunarskeiði þeirra sem hér hefur verið fjallað um.